



Hamfarir í Hítardal

Enn drynur í Fagraskógarfjalli þegar smærri skriður falla úr fjallinu. Sú stærsta fór af stað aðfaranótt laugardags. Sú er um tveggja kílómetra breið og margra mannhæða há þar sem mest er. Enn er á huldu hve mikil áhrif framburðurinn mun hafa á lifríki Hítarar. Sjá síðu 6 FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Fréttablaðið í dag

SKOÐUN Guðmundur Steingrímsson vill nýja þjóðarsátt. **11**

TÍMAMÓT Hitamet var slegið í Reykjavík fyrir 42 árum. **14**

LÍFID Fórðunarfræðingur stjarnanna með námskeið. **22**

PLÚS 2 SÉRBLÖÐ • FÓLK
• **FASTEIGNIR**

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

NUTRILENK öflugur liðstyrkur



Sjúkrabílar flytja fjóra tailenska drengi á spítala. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Fjórir drengir heilir á húfi

TAÍLAND Fjórum af tailensku drengjunum tólf sem fastir hafa verið í helli var bjargað í gær. Hagstæð skilyrði mynduðust til björgunaraðgerða og var ákveðið að ráðast í þær. Kafarateymi fylgdi drengjunum fjórum út í tveimur hollum. Aðgerðirnar þykja hafa tekist vonum framár.

„Þessi björgun var okkar meistaraverk,“ sagði yfirmaður aðgerðanna. – smj / sjá síðu 8

Aðgangsharka ríkisins átalín

DÓMSMÁL Héraðsdómur Reykjavíkur segir synjun Tryggingastofnunar ríkisins á umsókn föður langveiks, tólfa ára drengs um tekjutengdar greiðslur andstæða stjórnarskrá.

Dómurinn átelur ríkið fyrir að ganga hart fram gegn feðgunum.

„Við gæslu hagsmuna ríkisvaldsins eða einstakra þátta þess í skiptum við almenna borgara getur það ekki verið hlutverk stjórnvalda að leita allra leiða eða beita öllum brögðum til að fá sýknu fyrir hið opinbera eða til að fá málum vísað frá dómi,“ segir í dómnum.

– jóe / sjá síðu 4

Veitingamaður kærður fyrir margra ára áreitni

Meint brot veitingamanns eru sögð ná yfir margra ára tímabil. Konur sem unnu á veitingastað mannsins í miðbænum segja hegðunina hafa viðgengist á þeim forsendum að um menningarmun væri að ræða. Vinnueftirlitið hafi brugðist.

LÖGREGLUMÁL Eigandi veitingahúss í miðbæ Reykjavíkur hefur verið kærður til lögreglu fyrir kynferðislega áreitni. Minnst tvær ungar konur hafa lagt fram kæru á hendur veitingamanninum.

Þetta staðfestir Sigrún Jóhannsdóttir, lögmaður kvennanna. Lögregla rannsakar nú málið.

Konurnar störfuðu sem þjónar á veitingastaðnum þegar brotin eiga að hafa átt sér stað. Manninum er gefið að sök að hafa ítrekað káfað, þuklað og strokið konunum, þvingað tungu sinni upp í munn þeirra eftir vaktir og viðhaft óviðeigandi og klámfengin ummæli um útlit þeirra og eigin kynferðislega langanir.

Að sögn kvennanna fékk hegðunin að viðgangast undir því yfirskini að um menningarmun væri að ræða, en maðurinn er af erlendu bergi brotinn. Mikill aldursmunur er á honum og konunum, sem margar voru að stíga sín fyrsta skref á vinnu- og markaðnum. Meint brot eru sögð ná yfir margra ára tímabil. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins íhuga fleiri konur stöðu sína.

Konurnar leituðu til Vinnueftirlitsins eftir að hafa rætt við starfsmannastjóra veitingastaðarins. Hjá Vinnueftirlitinu fengu konurnar þau svör að lítið sem ekkert væri hægt að gera í slíkum málum þar sem ekki

Að enginn annar en polandinn sjálfur geti stöðvað áframhaldandi brot yfirmanns er algjörlega óásættanlegt.

Sigrún Jóhannsdóttir, lögmaður



væri hægt að kvarta nafnlaust. Þetta segir Sigrún að sé rangt. Vinnueftirlitið hafi eftirlitsskyldu í málum er varða kynferðislega áreitni á vinnustað og beri að sjá til þess að vinnuveitandi gripi til viðeigandi úrbóta, sé þess þörf. Hægt hefði verið að koma í veg fyrir að málið fengi að vinda upp á sig.

Starfsmaður Vinnueftirlitsins benti konunum á að hafa samband við stéttarfélag sitt, Eflingu. Þar sagðist starfsmaður ekkert geta aðhafst nema að búið væri að kæra manninn fyrir kynferðislega áreitni.

„Það að leggja fram kæru á hendur vinnuveitanda fyrir kynferðisbrot er meira en að segja það og algjörlega ótækt að setja slíka ábyrgð á einstakling sem er á sama tíma að vinna úr afleiðingum brotsins,“ segir Sigrún. „Að enginn annar en polandinn sjálfur geti stöðvað áframhaldandi

brot yfirmanns er algjörlega óásættanlegt.“

Svava Jónsdóttir, sviðsstjóri hjá Vinnueftirliti ríkisins, segir mál af þessum toga hafa verið snúin hingað til. Hún þekki ekki umrætt mál en vinnuveitandi hafi til þessa getað óskað eftir upplýsingum um kvörtun samkvæmt stjórnslu- og upplýsingalögum og því fengið upplýsingar um þann sem kvartaði.

„Við tökum á móti ábendingum og formlegum kvörtunum frá einstaklingum. Það sem við getum svo gert er að fara inn á viðkomandi vinnustað og skoða almennt vinnuumhverfið. Við getum hins vegar ekki beitt okkur út frá einstaklingsmáli. Vegna þess að ef við segjum að okkur hafi borist kvörtun þá hefur viðkomandi vinnustaður heimild til að óska eftir upplýsingum um gögnin sem við höfum,“ segir Svava.

Fyrir þinglok hafi hins vegar verið samþykkt að Vinnueftirlitið fengi heimild til að halda trúnaði við þann sem kvartar.

„Við erum ekki komin það langt að við getum farið að breyta þessu en við munum setja starfsreglur um það eftir sumarið. Nú höfum við að minnsta kosti sterkari möguleika til að ganga harðar fram með þessum lagabreytingum,“ segir Svava Jónsdóttir. – gj

KRÓNAN

MÁ GRILLA ÞETTA?




Borgargrátt



Flúgger litir
flugger.is

Veður



Suðvestan 13-23, áfram hvassast norðvestan til og á miðhálandinu. Víða skúrir, en léttskýjað austanlands. Hiti 10 til 20 stig, hlýjast á Austurlandi. **SJÁ SÍÐU 16**



Áður en hið umdeilda gluggakerfi var sett í Urðarhvarf 8. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Engar áhyggjur af asbest-máli

BYGGINGAR „Þetta er stormur í vatnsglasi,“ segir Þorvaldur Gissurarson, forstjóri ÞG verks. Nýverið kom í ljós að asbest er að finna í skrifstofuhúsnæðinu að Urðarhvarfi 8. ÞG verk keypti nýverið þetta 16 þúsund fermetra húsnæði aftur eftir að hafa byggt það fyrir hrun. Það hefur þó aldrei verið fullklárað og velkst um hálfkarað síðan Íslandsbanki leysti það til sín árið 2011.

RÚV greindi frá asbest-uppgötvuninni í síðustu viku en það er að finna í plötum milli glugga. Notkun á asbesti er bönnuð og hefur verið um árabil. RÚV greindi frá því að Byko hefði flutt einingarnar inn frá Kína á sínum tíma en ekkert í innihaldslýsingum hefði bent til að asbest væri að finna í þeim. Efnid fannst við athugun verkfræðistofu.

Aðspurður segir Þorvaldur ekki ástæðu til að hafa áhyggjur af þeim verkamönnum sem unnu með efnid óafvitandi á sínum tíma.

„Þetta kemur samsett frá Kína og er inni í kerfinu, þannig að það kemur enginn við þetta, enginn nálægt þessu og þetta er í loft- og vatnspöttum og aflokuðum áleiningum. Þar fyrir utan er þetta í svo litlu magni að það er vart mælanlegt. Þetta eru ekki asbestplötur, þetta eru órlitlar leifar af þessari efnasamsetningu, um eða innan við 1 prósent af plötunum.“

Brugðist verði þó við samkvæmt nútímakröfum og einingarnar fjarlægðar. RÚV hafði eftir Vinnueftirlitinu að Byko muni bera kostnaðinn af því þegar af verður. – smj

Skógarævintýri í Heiðmörk



Ungir sem aldnir léku við hvern sinn fingur á árlegum Skógarleikum Skógræktarfélags Reykjavíkur í Furulundi í Heiðmörk. Skógarhöggsmenn kepptu í axarkasti, sporaklifri, bolahöggi og afkvistun trjábola. Gestir tálguðu undir handleiðslu meistara og spreyttu sig á skreytingum. Að þessu sinni var áhersla lögð á að sýna hvernig hægt er að náttúrulega með hráefni úr skóginum. Og auðvitað var varðeldur og grill. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Tekjurnar lækka hjá Icelandair

VIÐSKIPTI Stjórnendur Icelandair Group hafa lækkað afkomuspá félagsins fyrir þetta ár um 50 til 70 milljónir dala, eða frá 18 upp í allt að 37 prósent. Þeir segja horfur í rekstrinum lakari en gert varð ráð fyrir. Þetta kom fram í afkomuviðvörðun frá félaginu í gær.

EBITDA-hagnaður Icelandair Group er sagður verða 120 til 140 milljónir dala á árinu í samanburði við 170 til 190 milljónir dala samkvæmt fyrri spá. EBITDA félagsins nam 170,2 milljónum dala í fyrra. Talsvert rask hafi orðið í flugáætlun undanfarnar vikur, seinkun á innleiðingu flugvéla, veðurfar og fleira hafi valdið auknum kostnaði auk þess sem tekjur hafi tapast.

„Sú stada sem við erum að horfa upp á núna er okkur talsverð vonbrigði,“ er haft eftir Björgólfi Jóhannssyni, forstjóra Icelandair Group, í tilkynningu sem send var Kauphöllinni. – kj

Bótaskylda fyrir að láta búrekstur sinn dankast

Héraðsdómur Vesturlands féllst á að búfjárhaldari á Brúarreykjum á Vesturlandi væri bótaskyldur gagnvart hlutafélagi sem átti búin. Sala afurða frá búinu var bönnuð árið 2013 vegna lélegrar aðstöðu og ólöglegar notkunar á dýralyfjum.

DÓMSMÁL Bjarni Bærings Bjarnason er bótaskyldur gagnvart félaginu Brúarreykjum ehf. vegna tjóns sem félagið gæti hafa orðið fyrir vegna aðgerðaleysis hans eftir að dreifing afurða mjólkurbúsins Brúarreykja var bönnuð með ákvörðun Matvælastofnunar (MAST) árið 2013. Héraðsdómur Vesturlands kvað upp dóm þessa efnis fyrir helgi.

Brúarreykir ehf. var stofnað af Bjarna og þáverandi sambyliskonu hans árið 2002 og áttu þau félagið að jöfnu. Sá Bjarni um búrekstur og var framkvæmdastjóri félagsins til 2011 en þá var kona hans skráð í framkvæmdastjórn þess.

Í nóvember 2012 afturkallaði MAST starfsleyfi Brúarreykja til matvælaframleiðslu vegna ítrekaðra brota á lögum og reglugerðum um matvæli á árinu. Sú ákvörðun var síðar staðfest af atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu.

Starfsleyfi var veitt að nýju í janúar 2013 en í kjölfar eftirlitsferðar MAST í febrúar sama ár var aðstada og fôðrun gripa metin óásættanleg. Farið var fram á ýmsar úrbætur og gripir teknir til aflifunar.

Í júní sama ár var afhending afurða og dýra frá búinu bönnuð meðal annars vegna þess að meðferð dýralyfja hefði ekki verið í samræmi við lög og reglur. Bjarni þessndi ríkinu til ógildingar á þessum aðgerðum og taldi um valdniðslu af hálfu MAST ræða. Þeim máltilbúnaði var hafnað.

Banninu var aflétt, að skilyrðum uppfylltum, í ágúst en í mars 2014 var starfsleyfið afturkallað á ný. Var það meðal annars vegna þess að eftirlitsmönnum var neitað um aðgang



Aðbúnaður á búinu áður en gripirnir voru seldir á brott. MYND/MATVÆLASTOFNUN

af búinu. Allir nautgripir félagsins voru síðan seldir í júní 2014.

Brúarreykir báru því við að Bjarni hefði séð um allan daglegan búrekstur frá árinu 2011 auk þess að vera hluthafi og prókúruhafi. Byggt var á því að með athafna- og aðgerðaleysi sínu hefði hann bakað búinu tjón. Það fólst í því að í stað þess að vinna að úrbótum á aðbúnaði til að tryggja áframhaldandi sölu afurða frá búinu hefði Bjarni einbeitt sér að því að vefengja niðurstöður MAST. Með því hefði hann auknið á tjón búsis í stað þess að lágmarka það.

Varnir Bjarna byggðu á því að meðeigandi hans hefði einnig gegnt stöðu framkvæmdastjóra og málinu því verið ranglega beint að

honum einum. Þá hefðu aðgerðir hans, meðal annars sala búpenings, miðað að því að draga úr tjóni Brúarreykja.

Héraðsdómur taldi Bjarna hafa verið ábyrgan fyrir því að rekstur búsis væri í lagi enda óumdeilt að hann hefði séð um hann. Með því að hafa ekki reynt að tryggja að aðbúnaður væri í löglegu horfi bæri hann bótaábyrgð á tjóni. Þá var sala búfjárins metin óvenjuleg og mikilsháttar ráðstöfun í skilningi hlutafélagalaga sem samþykki hluthafa hefði þurft fyrir.

Bótaábyrgð var felld á Bjarna og þarf hann að auki að greiða rúma milljón í málskostnað.

joli@frettabladid.is

30% afmælisafsláttur á Heliosa hiturum

HELIOSA hitarar henta bæði innan- og utandyra. Helstu kostir HELIOSA hitara eru:

- Hitna strax
- Vindur hefur ekki áhrif
- Vatnsheldir og menga ekki

Margar gerðir til á lager.

Flisabúðin
Stórhöfða 21 | s. 545 5500 | flis.is

Finndu okkur á facebook



TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY

VIÐ
VELJUM HYBRID
50% RAFDRIFINN*

HYBRID Orkuskiptin eru hafin!

Vertu Hybrid megin í umferðinni ásamt 11 milljónum ökumanna um heim allan.

Hybrid bílarnir frá Toyota eru einstaklega áreiðanlegir og liprir í akstri. Þeir eru búnir hátæknilegum búnaði þar sem kerfið sér sjálft um að skipta milli bensínmótors og rafhlöðu á orkusparandi hátt. Rafhlaðan er hönnuð til að endast líftíma bílsins og þú þarft aldrei að stinga í samband! Veldu kraft, fegurð og framfarir, og færðu þig yfir á Hybrid í dag.

Kynntu þér Toyota FLEX, nýja leið til að eignast Toyota bifreið, á www.toyota.is

Vildarpunktur Icelandair með öllum nýjum Toyotum



Toyota Kaupúni
Kaupúni 6

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19

Toyota Selfossi
Fossnesi 14

*Samkvæmt opinberum mælingum DRIVECO, CARE og ENEA á akurstíma Hybrid bíla í blönduðum akstri, án aðkomu bensínvélar. Sjá nánar á www.toyota.is. Sjá nánar um Vildarpunktasöfnun á www.toyota.is. Bílarnir í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 5 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.



Í Skógarhlíð. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR

Ekkert aðhafst vegna bílplans

SKIPULAGSMÁL Byggingarfulltrúi mun ekkert aðhafst vegna meintra óleyfisframkvæmda við bílplan umdeildrar rútmistöðvar í Skógarhlíð 10. Þetta kemur fram í svari frá Jóni Halldóri Jónassyni, upplýsingafulltrúa hjá Reykjavíkurborg, við fyrirspurn Fréttablaðsins.

„En það er niðurstaða skoðunar heilbrigðiseftirlitsins að þarna verði að sækja um starfsleyfi og því gert ráð fyrir að aðilar muni sækja um byggingarleyfi vegna þeirra breytinga sem eftir atvikum þarf að ráðast í og krefjast byggingarleyfis,“ segir í svari Jóns Halldórs. – gar



Gordon Ramsay. MYND/AF INSTAGRAM

Ramsay sáttur við lax og mat

SAMFÉLAG Stjórnukokkurinn og þáttastjórnandinn Gordan Ramsay var staddur hér á landi um helgina ef marka má myndir sem hann birti á Instagram. Af þeim að dæma fór þessi heimspektti sjónvarpskokkur í laxveiði og út að borða á veitingastaðinn Sumac á Laugavegi á föstudagskvöld.

„Besti lax í heimi,“ skrifaði kokkurinn, sem liggur vanalega ekki á skoðunum sínum, með mynd sem hann birti á Instagram og brosir sínu breiðasta. Þá sagði Ramsay matinn á Sumac með því betra sem maður fengi í Reykjavík. – dfb

LEIÐRÉTTING

Í frétt á síðu 8 í Fréttablaðinu þann 5. júlí, undir fyrirsögninni Svana-söngur kjararáðs, var staðhaft að laun forstjóra Landmælinga Íslands hefðu ekki verið ákvörðuð síðan í tíð kjaranefndar. Hið rétta er að það var síðast gert árið 2012. Þá var Bergþóra Þorkeldsdóttir titluð vegamálastjóri en hún mun ekki taka við embættinu fyrr en 1. ágúst. Hreinn gegnir embættinu áfram þangað til.

„Beitti öllum brögðum“ gegn föður langveiks drengs

DÓMSMÁL Héraðsdómur Reykjavíkur hefur fellt úr gildi synjun Tryggingastofnunar ríkisins (TR) á umsókn föður langveiks barns um tekjuteyndar greiðslur til foreldra á vinnu- markaði. Dómurinn taldi synjunina andstæða stjórnarskrá.

Árið 2006 tóku gildi ný lög um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna. Þau taka aðeins til barna sem fæddust 1. október 2007 eða síðar.

Drengurinn sem um ræðir fæddist í október 2005. Föður hans var synjað um greiðslurnar í tvígang vegna þessa auk þess sem Hæstiréttur vísaði máli hans frá árið 2016.

Því var málið fært í nýjan búning, úr kröfu um greiðslu í ógildingarmál.

Dómurinn taldi að það stæðist ekki málefnalega skoðun að gera greinarmun á rétti til félagslegrar aðstoðar til fjölskyldna barna sem eru fötlud eða alvarlega veik eftir því hvenær fötlun þeirra eða sjúkdómur er greindur. Synjunin var því felld úr gildi. Þá gerir dómurinn athugasemdir við framgöngu ríkisins.

„Við gæslu hagsmuna ríkisvaldsins eða einstakra þátta þess í skiptum við almenna borgara getur það ekki verið hlutverk stjórnvalda að leita allra leiða eða beita öllum brögðum til að fá sýknu fyrir hið opinbera eða

Við eigum eftir að sjá hvort TR unir dómnum. Krafa gæti verið fyrnd en þá gæti hafa myndast réttur til skaðabóta.

Júli Ósk Antonsdóttir, lögmaður föðursins



til að fá málum vísað frá dómi. Þeim sem falið er að koma fram fyrir hönd ríkisvaldsins í dómsmáli er ekki tækt að verjast með öllum sömu ráðum og einkaaðilum. Þeim sem fara með opinbert vald eða sem falið er að gæta hagsmuna hins opinbera er trúað fyrir hlutverki sem þeir verða að sinna í almannaþágu og af virðingu fyrir skyldu sinni til að stuðla að réttmætri niðurstöðu,“ segir í niðurstöðukafla dómisins.

„Við eigum eftir að sjá hvort TR unir dómnum. Krafa gæti verið fyrnd en þá gæti hafa myndast réttur til skaðabóta,“ segir Júli Ósk Antonsdóttir, lögmaður föðursins. – joe

Telur varhugavert að aðrir en ljósmæður sinni mæðravernd

Þjónusta á meðgöngu sem stýrt er af ljósmæðrum hefur jákvæð áhrif á fæðingarþyngd og á nýbura- og ungbarnadauða. Þetta sýna rannsóknir, að sögn Rúnar Vilhjálmssonar, prófessors í heilsufélagsfræði við Háskóla Íslands. Enn er ósamið í deilu ljósmæðra við ríkið. Samningalotan hefur nú staðið í um fjórutíu vikur.

KJARAMÁL Kvíði fyrir fæðingu er sjálfstæður áhættuþáttur verðandi mæðra og hvers kyns kvíði og álag sem konur eru undir rétt fyrir fæðingu getur þýtt frekari inngrip í fæðingunni sjálfri. Einnig skiptir miklu máli að ljósmæður sjái um fræðslu og umönnun á meðgöngu.

Þetta segir Rúnar Vilhjálmsson, prófessor í heilsufélagsfræði við Háskóla Íslands.

Betri liðan á meðgöngu

Ljósmæðrastýrð þjónusta á meðgöngu og í fæðingu er betri fyrir hina verðandi móður en þjónusta sem stýrt er af lækni. Því er mikilvægt að þjónustu við verðandi mæður sé stýrt af ljósmæðrum og óæskilegt að aðrar heilbrigðisstéttir, svo sem lækningar, stýri henni.

„Það hefur komið í ljós í rannsóknum að þjónusta, sem stýrt er af ljósmæðrum á meðgöngu og í fæðingu, hefur jákvæð áhrif á bæði fæðingarþyngd barna og nýbura- og ungbarnadauða. Einnig skiptir þessi þjónusta miklu máli fyrir heilsu móður, liðan hennar á meðgöngu, brjóstgjöf og möguleg inngrip í fæðingu,“ segir Rúnar.

Varar við hættumerkjum

„Það er mikilvægt fyrir hina verðandi móður að hún upplifi og skynji öryggi þegar kemur að þjónustunni. Ef það verður skortur á ljósmæðrum og aðrir heilbrigðisstarfsmenn fara að sinna þessum störfum á með-



Samningalota ljósmæðra við ríkið hefur nú tekið sem samsvarar meðal meðgöngutíma kvenna. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR

göngu, þá geta verið þar ákveðin hættumerki út frá rannsóknum,“ heldur Rúnar áfram.

Á annan tug ljósmæðra hafa sagt upp störfum vegna bágra kjara og hefur vantað ljósmæður á allar vaktir á Landspítalanum síðan þærgöngu út í lok síðasta mánaðar. Enn er ósamið í deilu ljósmæðra og ríkisins og hefur samningalotan nú staðið yfir í um 40 vikur, eða sem nemur

Það er mikilvægt fyrir hina verðandi móður að hún upplifi og skynji öryggi.

Rúnar Vilhjálmsson, prófessor í heilsufélagsfræði



meðalmeðgöngutíma móður.

„Styrkur ljósmæðra felst í nokkrum þáttum og að æskilegt sé að ljósmóðir sé virkur hluti af þjónustu við mæður og fylgi konunni frá fyrstu heimsókn til fæðingar. Það hefur áhrif á næringu ungbarna, brjóstgjöf og andlega heilsu móður. Styrkurinn felst einmitt í þessari skjólstaðingafraeðslu,“ bætir Rúnar við. sveinn@frettabladid.is

MAMMA MIA!



5ÁRA
ÁBYRGÐ

FIAT 500 Á FRÁBÆRU FIAT-SUMARTILBOÐI

TILBOÐSVERÐ FRÁ: 1.990.000 KR. – LISTAVERÐ FRÁ: 2.390.000 KR.



ÚTFÆRSLUR Í BOÐI: POP, LOUNGE, BEINSKIPTUR/SJÁLFSKIPTUR, BLÆJU OG 105 HESTAFLA TWINAIR (TAKMARKAÐ MAGN BÍLA Í BOÐI)

ÍSABAND
ÍSLENSK-BANDARISKA EHF. BÍLAUMBOD

ÍSLENSK-BANDARISKA EHF · UMBODSADILI FIAT Á ÍSLANDI · WWW.FIAT.IS

ÞVERHOLT 6 · 270 MOSFELLSBÆR · SÍMI: 534 4433 · WWW.ISBAND.IS · OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 · LAUGARDAGA 12-16



Sheer
Driving Pleasure



RAFBÍLL ÞARF EKKI AÐ LÍTA HVERSDAGSLEGA ÚT.



BMW i3 ER ENGINN VENJULEGUR RAFBÍLL. BMW i3 ER FYRSTI FJÖLDAFRAMLEIDDI BÍLLINN Í HEIMINUM MEÐ YFIRBYGGINGU ÚR HÁSTYRKTUM KOLTREFJUM OG EINI RAFBÍLLINN Í HEIMINUM MEÐ VOTTAÐ 100% HREINT FRAMLEIÐSLUFERLI.

BMW i3. VERÐ FRÁ: 4.490.000 KR.

KOMDU Í REYNSLUAKSTUR OG UPPLIFÐU ÞAÐ NÝJASTA
OG FULLKOMNASTA Í RAFBÍLATÆKNI.

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is



Berghlaup úr Fagraskógarfjalli í Hítardal



Mildi þykir að enginn var við veiðar þar sem skriðan féll en þar eru vinsælir veiðistaðir. Á svæðinu sem nú er hulið var áður að finna góða hrygningar- og uppeldisstaði laxa. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Afdrif laxveiði í Hítará er stærsta málið

Margra mannhæða hátt lag af aur og grjóti breiddi sig yfir hluta Hítarár þegar skriða féll úr Fagraskógarfjalli aðfaranótt laugardags. Gífurlegt tjón varð á beitara- og veiðilöndum. Alls óvist er hvort hægt er að moka framburðinum til svo áin renni í sinn gamla farveg.

Jóhann Óli Eiðsson
joli@frettabladid.is
Sigtryggur Ari Jóhannsson
sigtryggur@frettabladid.is

NÁTTÚRUHAMFARIR Afleiðingar skriðunnar sem féll úr Fagraskógarfjalli í Hítardal eru óljósar. Stærsta skriðan féll aðfaranótt laugardags en enn eru smærri skriður að falla.

Góðir veiðistaðir Hítarár voru á svæðinu þar sem skriðan fór yfir. Skriðan hindrar að áin renni eftir sínum forna farvegi. Lón myndaðist við jadar skriðunnar en í gær hafði vatnsflaumurinn fundið sér nýjan farveg og rennur hann nú í ána Tálma.

„Það vantar í ána á einhverjum tíu kílómetra kafla. Það fór beitiland þarna undir en stærsta málið er laxveiðin og hvernig henni reidir af. Það er einnig óljóst með vatnsskemmdir þegar áin er komin í Tálma. Farvegurinn ræður sennilega ekki við þetta. Þó það sé mikið vatn í ánni núna þá er þetta ekki neitt miðað við vorleysingar,“ segir Finnbogi Leifsson, bóndi í Hítardal.

„Ef haugurinn verður látinn kyrr þá eru allavega þrjú bæir sem missa ána. Það er mögulega hægt að grafa ána í sinn gamla farveg en það er gríðarleg vinna. Það er ekki á færi eins veiðifélags að fara í að moka þessu burt,“ segir Ólafur Sigvaldason, formaður Veiðifélags Hítarár.

Ljóst er að gífurlegt tjón hefur orðið en afar ósennilegt er að nokkuð fáið bætt þar sem um náttúruhamfarir er að ræða. Vátryggingafélög undanskilja slík tjón í skilmálum sínum.

„Eins lengi og það er ekkert tjón á vátryggðum eignum þá er þetta atburður sem kemur ekki inn á okkar borð. Samkvæmt okkar bestu vitund, þá varð ekkert slíkt tjón þarna,“ segir Hulda Ragnheiður Árnadóttir, forstjóri Náttúruhamfaratryggingar Íslands, áður Viðlagatrygginga Íslands.

Vísindamenn frá Veðurstofu Íslands og Hafrannsóknastofnun voru að störfum á svæðinu um helgina. Of snemmt er að segja til um endanleg áhrif hamfaranna.

„Við förum í [fyrradag] og litum á þessi ósköp. Þetta er atburður á skala sem við höfum ekki séð fyrr. Það er náttúrulega ljóst að þetta mun hafa mikil áhrif á lífríki árinna,“ segir Sigurður Már Einarsson, líffræðingur hjá Hafrannsóknastofnun.

Sigurður segir að skriðan hafi farið yfir góð hrygningar- og uppeldissvæði fyrir laxa. Þá hafi fleiri slík svæði þornað upp.

Svæðið sem áin rennur nú um sé ekki eins gott.

„Það á alveg eftir að meta það hvort möguleiki sé að koma henni aftur í upprunalega farveginn. Það verður mjög dýrt og spurning hvort það sé hægt yfirhöfuð. Þetta kemur til með að hafa áhrif á hlunnindi margra bæja,“ segir Sigurður.

„Við erum í góðu samstarfi við yfirvöld og höfum verið í samskiptum við bændur á svæðinu. Við munum funda á morgun vegna þessa og fara vel yfir stöðuna,“ segir Jón Þór Ólason, formaður Stangveiðifélags Reykjavíkur, en félagið er leigutaki Hítarár. Hann segir að hollið sem hafi lokið veiðum í gær hafi veitt vel en framhaldið sé óljóst.

„Við höfum átt í góðu sambandi við veiðifélagið. Hugur okkar er hjá Veiðifélagi Hítarár og bændum á svæðinu. Hítardalur er algjör perla og þetta mun hafa mikil áhrif á hann,“ segir Jón Þór.



Stórt lón myndaðist þar sem Hítará mætti aurnum. Áin fann sér farveg framhjá niður í Tálma.



Vísindamenn frá Veðurstofunni og Hafrannsóknastofnun voru við mælingar í Hítará um helgina.



Way of Life!

NJÓTTU ÞESS AÐ VERA TIL

SUZUKI S-CROSS 4X4

VERÐ FRÁ

3.990.000



ALLGRIP

Fjór hjóladrifinn Suzuki S-Cross

- meiri veghæð, nýjar öflugar- og sparneytnar vélar gera frábæran bíl enn skemmtilegri og til í hvað sem er. Suzuki S-Cross er með ríkulegan staðalbúnað.

Fáðu nánari upplýsingar á suzuki.is



4WD All-grip skapar aksturseiginleika í sérflokki.

Það er alltaf Suzuki veður

FLUTT MEÐ
EIMSKIP

Suzuki bílar hf. | Skeifunni 17 | Sími 568 5100

Rúmlega sjötíu látnir í gríðarlegum flóðum og skriðum í Japan

JAPAN Yfir 70 eru látnir og hátt í hundrad er saknað eftir úrhellisrigningar, skriðuföll og flóð víðs vegar um Japan.

Shinzo Abe forsætisráðherra hefur sagt að björgunarlið séu í kappi við tímann en vatn flæðir nú um götur fjölmargra borga, bæja og þorpa í landinu.

Hátt í fimm milljónir manna hafa neyðst til að yfirgefa heimili sín undanfarna daga þar sem þeim var hætta búin af vatnsflóðinu.

Tæplega 50 þúsund manns hafa tekið þátt í leitinni að týndu fólki

og við að bjarga þeim sem þurfa á hjálp að halda.

Yoshihide Suga, talsmaður ríkisstjórnarinnar, segir að flestir hinna týndu séu frá suðurhluta Hiroshima. Þá er ástandið einnig slæmt í Kyótó. Veðurathuganir benda til þess að regnið hafi verið 26,3 sentimetrar á ákveðnu svæði í Kochi sem er met frá því mælingar hófust árið 1976.

„Húsið mitt skolaðist bara í burtu með flóðinu og er gjörónýtt,“ er haft eftir Toshide Takigawa, íbúa í Hiroshima, í samtali við The Guardian.



Loftmynd af borginni Kurashiki í gær sýnir afleiðingarnar. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Kona ein viðrar áhyggjur sínar og segir hverfi sitt hafa orðið undir „hafsþjó“ á skömmum tíma.

„Ég hef áhyggjur því ég veit ekki hversu lengi þetta varir.“

„Við höfum aldrei upplifað nokkuð þessu líkt þegar kemur að ofankomu,“ hefur breska ríkisútvarpið eftir veðurfræðingi í Japan.

Til að setja ofankomuna í samhengi þá hafði í gær, frá því á fimmtudag, rígt þrisvar sinnum meira en heildarúrkoman er að meðaltali í júlímánuði í vesturhluta Japans. – dfb, smj

Fjórir drengir lausir úr hellaprisundinni

Fjórir af fótboldangungunum tólf sem fastir hafa verið í helli í norðurhluta Taílands í rúmar tvær vikur eru komnir út heilir á húfi. Ráðist var í björgunaraðgerðir í gær þar sem hagstæð skilyrði mynduðust. Gekk vonum framár. Drengirnir átta og þjálfarinn biða björgunar.

TAÍLAND Fjórir af taílensku drengjunum tólf sem fastir hafa verið neðanjarðar í Tham Luang-hellinum eru komnir upp og gengu björgunaraðgerðir í gær vel. Þegar björgunaraðilar höfðu náð drengjunum fjórum út var ákveðið að taka pásu, undirbúa næstu skref og hvílast. Gert var ráð fyrir að minnsta kosti 10 tíma pásu, þegar Fréttablaðið fór í prentun.

Ákveðið var að ráðast í björgunarleidangurinn á sunnudag vegna ótta við síhækkandi vatnsborð í hellinum. Látið var til skarar skriða þegar stytti upp um tíma, mun fyrr en áætlað hafði verið.

Níutíu kafarar, þar af 40 frá Taílandi og 50 víðs vegar að úr heiminum, hafa unnið að skipulagningu og framkvæmd björgunaraðgerðanna. Læknar munu hafa metið drengina á laugardag og forgangsráðað hverjum ætti að bjarga fyrst út frá ástandi þeirra.

Heimsbyggðin hefur fylgst með málinu frá því að fyrst spurðist út að fótboldaliðið unga ásamt þjálfara þess hefði horfið. Þeir fundust á mánudag eftir níu daga leit í myrku neðanjarðarkerfi Tham Luang-hellisins.

Drengirnir eru á aldrinum 11-17 ára og þjálfarinn 25 ára og hefur hann beðið foreldra drengjanna afsökunar á hvornig fyrir þeim er komið. Þeir eru fastir um fjóra kíló-



Björgunaraðilar ferja fyrstu tvo drengina sem bjargað var úr hellinum um borð í þyrlu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

metri inni í hellinum sem fylltist skyndilega af vatni í mikilli ofankomu. Upphaflega var talið að drengirnir yrðu að dýsa í prisundinni þar til rigningátímabilið gengi yfir sem hefði getað þýtt mánuði.

„Aðstæður í dag voru ákjósanlegar með tilliti til heilsu barnanna, vatnsmagns og björgunarliðs okkar,“ sagði Narongsak Osatankorn, yfirmaður aðgerðanna.

„Þessi björgun var okkar meist-

araverk.“ Fyrstu drengirnir komu út laust fyrir klukkan sex að morgni sunnudags að staðartíma. Tveimur tímum síðar komu hinir tveir og fögnuður braust út.

mikael@frettabladid.is

Til þessara hugrökku drengja og þjálfara sem fastir eru í Tham Luang-hellinum í Taílandi og fjölskyldna þeirra: Fólki er að hugsa til ykkar um allan heim og það á líka við um okkur hér á Íslandi.

Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra Íslands, á Twitter

Bandaríkin eru að vinna náið með ríkisstjórn Taílands til að hjálpa öllum þessum börnunum út úr hellinum og í var. Mjög hugrækt og hæfileikaríkt fólk!

Donald Trump Bandaríkjaforseti, á Twitter

Hugrekki, útsjónarsemi og styrkur krakkanna og kafarateymisins heldur áfram að koma mér á óvart. Sýnir mannsandann í sinni bestu mynd.

Elon Musk sem boðið hafði fram aðstoð sína við björgunina á Twitter

LÆKKAÐ VERÐ Á GRILLUM!

ELKO OUTLET



WEBER GASGRILL M. HLIÐARBORDUM Q1200S

VERÐ ÁÐUR: 32.995

29.995



WEBER GASGRILL Á FÖSTUM FÓTUM Q2200F

VERÐ ÁÐUR: 47.995

39.995



WEBER GASGRILL Á FÓTUM Q3200S

VERÐ ÁÐUR: 69.995

59.995



WEBER E310 CLASSIC GASGRILL E310CLASSIC

VERÐ ÁÐUR: 74.995

69.995



WEBER E-310 SPIRIT ORIGINAL GASGRILL E310ORIGINAL

VERÐ ÁÐUR: 84.995

79.995



WEBER GENESIS GASGRILL E310GENESIS

VERÐ ÁÐUR: 99.995

89.995

ELKO

SKÓLATÖSKUDAGAR

4.-13. júlí

Í Skeifu, Kringlu, Smáralind og Garðabæ

30%
afsláttur



Allar JEVA töskur hafa góðan bakstuðning og þeim fylgir:

- Vatnsbrúsi
- Nestisbox
- Íþróttapoki

Allar JEVA og Beckmann skólatöskur eru á sama verði

14.132 kr
verð áður 20.189 kr



JEVA skólataska 16 l



JEVA skólataska 16 l



JEVA skólataska 16 l



JEVA skólataska 16 l



JEVA skólataska 16 l



JEVA skólataska 18 l



JEVA skólataska 18 l



JEVA skólataska 21 l



Beckmann skólataska 22 l



Beckmann skólataska 22 l



Herlitz skólataska

9.726 kr
verð áður 13.899 kr



Herlitz skólataska

9.726 kr
verð áður 13.899 kr



Bakpoki Outside

6.292 kr
verð áður 8.989 kr



Bakpoki Stranger

5.522 kr
verð áður 7.889 kr



Bakpoki Stranger

5.522 kr
verð áður 7.889 kr



Opið allan sólarhringinn
Garðabæ og Skeifunni

HAGKAUP

*Meira
svona
alla daga*

Aumingjaskapur



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

Þjóðinni er fyrir löngu orðið ljóst að ekki er fullkomlega hægt að treysta á að stjórnvöld haldi vöku sinni í mikilvægum málum. Stundum er einfaldlega eins og þau séu úti á þekju. Þá þarf að vekja þau til lífsins og það getur kostað átak. Þetta sýnir sig í mörgu, en ekki síst þegar kemur að því að slá skjaldborg um náttúru landsins. Þá slær jafnvel þögn á málgefnustu stjórn-málamenn sem kjósa að vera stikkfrí.

Á dögunum tók Björn Halldórsson, bóndi á Akri í Vopnafirði, að sér að ávita stjórnvöld. Þar vann hann þarft verk. Björn benti á að erlendir auðmaður hefur keypt upp heilu jarðirnar hér á landi án þess að brugðist væri við. Björn sagði það vera aumingjaskap dauðans að ekki skyldi tryggt að verðmætt land og landsvæði væru í eigu þjóðarinnar. Björn bóndi er þarna á sömu slóðum og hinn skeleggi Ógmundur Jónasson sem fyrir tæpum tveimur árum sagði það „örækan vitnisburð um vesaldóm íslenskra stjórnvalda“ að hafa heimilað sölu Grímsstaða á Fjöllum til þessa sama auðmanns, sem er víst stöðugt að færa út kvíarnar hér á landi.

Það getur ekki verið óskastaða að auðmenn eignist hér stór landsvæði. Samt er það látið óatalið. Þegar kemur að varðveislu landsvæða og sjálfsagðri náttúruvernd er andvaraleysi ráðamanna landsins æpandi. Það hefði átt að vera akkur í því að fá í ríkisstjórn Vinstri græn, flokk sem kennir sig við umhyggju gagnvart náttúru landsins og flagnar náttúruverndarsjónarmiðum óspart á landsfundum. Flokkurinn virðist hins vegar hafa afar takmarkaðan áhuga á að beita sér í þágu íslenskrar náttúru í ríkisstjórnarsamstarfi með tveimur enn áhugalausari samstarfsflokkum.

Vinstri græn virtust vera á réttri leið í upphafi ríkisstjórnarsamstarfsins þegar sóttur var í stól umhverfisráðherra Guðmundur Ingi Guðbrandsson, þekktur umhverfisverndarsinni. Innan ríkisstjórnarinnar er samt eins og þess sé alls ekki óskað að hann taki starf sitt alvarlega heldur verði til friðs. Áhugafolk um pólitík biður spennt eftir því hvort umhverfisráðherra taki hag landsins, og þar með þjóðarinnar, fram yfir frí-sælt samstarf við Sjálfstæðisflokkinn. Ráðherranum virðist ætlað að vera upp á punt í þessari ríkisstjórn. Vonandi mun hann ekki sætta sig við það hlutskipti.

Aftur skal vitnað í Björn Halldórsson bónda sem í viðtali furðaði sig á því að ekki skuli horft fram í tím-ann. Verði ekkert gert til að koma í veg fyrir að erlendir auðmenn eignist hér stór landsvæði mun kynslóðinni sem nú er að vaxa úr grasi og þeim kynslóðum sem á eftir koma bregða verulega í brún þegar þeim verður ljós sú staðreynd að skammsýnir stjórn-málamenn sátu aðgerðarlausir og áhugalausir hjá meðan erlendir auðkýfingar hrifsuðu til sín dýrmaet landsvæði.

Íslensk stjórnvöld geta enn brugðist við. Svo er annað mál hvort þau kæri sig um það. Kannski vilja þau viðhalda aumingjaskapnum og hafa engan áhuga á að hrísta af sér vesaldóminn. Þá er illa komið fyrir þeim, en enn verr komið fyrir þjóðinni sem kaus þau yfir sig.



Það getur ekki verið óskastaða að auðmenn eignist hér stór landsvæði. Samt er það látið óatalið.

Halldór



Frá degi til dags

Gul viðvörðun

Á frettablaðið.is sagði frá því í gær að Veðurstofan bæði ferðalanga að fylgjast vel með veðrinu. Svokölluð gul viðvörðun væri í gildi á fimm stöðum á landinu og búið við suðaustan stormi á Breiðafirði, Vestfjörðum og á miðhálandinu. Þá mætti einnig búast við snörpum vindhviðum undir Hafnarfjalli – að venju.

Sumarið er náttúrulega að verða brandari. Rigning og leiðindi dag eftir dag. Varla hefur sést til sólar. Og Veðurstofan tekur þátt í gríninu með því að gefa gula viðvörðun þegar von er á enn meira skítaveðri. Ætti sú skilgreining ekki betur við ef von væri á sólarglætu?

Er Ísland að þiðna?

Óvænt skriðuföll í Fagraskógarfjalli í Hitardal urðu um helgina og klóra menn sér í kollinum yfir hamförnum. Frettablaðið.is sagði frá því í gær að úrkoma í dalnum hefði mælst 260 millimetrar frá því 1. maí. Trausti Jónsson veðurfræðingur bendir hins vegar á að árið 1999 hafi úrkoman mælst yfir 300 mm á þessu tímabili. Mjög stórar skriður hafi verið algengar á undanförunum árum og margar þeirra hafi tengst rýrnun sífrera. Það er einmitt málefni sem Frettablaðið hefur sagt ítarleg frá og vert er að fylgjast vel með á tímum loftslagsbreytinga. gar@frettabladid.is

Lesum í allt sumar



Lilja Alfreðsdóttir
mennta- og menningarmálaráðherra

Mikilvægi lesturs og lesskilnings er ótvírátt. Við höfum lagt á það ríka áherslu síðustu ár að bæta læsi, ekki síst hjá börnunum okkar. Sumarið er tími samverunnar, útivistar og leikja en það er mikilvægt að minna á lesturinn líka. Það er staðreynd að ef barn les ekkert yfir sumartímam getur orðið allt að þriggja mánaða afturför á lestrarfærni þess í sumarfríinu. Góðu fréttirnar eru þó að það þarf ekki mikið til að börn viðhaldi færni sinni eða taki jafnvel framförum. Rannsóknir sýna að til þess að koma í veg fyrir þessa afturför dugur að lesa aðeins 4-5 bækur yfir sumarið eða lesa að jafnaði tvisvar til þrisvar í viku í um það bil 15 mínútur í senn.

Foreldrarir besta fyrirmyndir

Sem hvatningu fyrir lesendur á grunnskólaaldri höfum við skipulagt sumarlestrarleik með góðri hjálp, meðal annars frá íslenska karlalandsliðinu í fótbolta og Menntamálastofnun. Það er framhald Söguboltans, samstarfsverkefnis mennta- og menningarmálaráðuneytis, barnabókahöfundar og RÚV sem skipulagt var í tengslum við þátttöku landsliðsins í heimsmeistaramótinu í júní en þar tvínum við saman tvær ástríður landsmanna, fótbolta og bókmenntir. Söguboltaþættina má finna á vef KrakkaRÚV og lestrarleikurinn fór í loftið um helgina. Hann er einfaldur og til þess gerður að hvetja krakka til þess að lesa, á alla vegu og í allt sumar.

Gleymum því ekki að bestu fyrirmyndir barnanna þegar kemur að lestri eru foreldrarir. Það er vænlegra til árangurs ef fleiri taka sér bók í hönd á heimilinu en börnin. Sem fyrr læra þau það sem fyrir þeim er haft og þess vegna þurfum við öll að muna eftir því að lesa líka. Setjum lesturinn á dagskrá í sumar, leggjum frá okkur snjalltækin og finnum okkur tíma í sól eða regni til þess að njóta góðra bóka. Það eru kannski ekki verðlaun í boði fyrir okkur fulloröna fólkið önnur en lestraránægjan – en hún er líka heilmikils virði.



Sem hvatningu fyrir lesendur á grunnskólaaldri höfum við skipulagt sumarlestrarleik með góðri hjálp.

HEALTHY GUMS. HEALTHY LIFE.®

Tannlæknar mæla með GUM tannvörum

Mundir þú eftir að burstu og skola í morgun?

Fæst í næsta apóteki og helstu stórmörkuðum

www.artasan.is

Varðandi kjaramál

Í DAG

Guðmundur Steingrímsson



Mikið rosalega væri það glimrandi fint ef allir sem búa og vinna á Íslandi væru ánægðir með launin sín. Um leið og ég skrifa þessa setningu átta ég mig hins vegar á því hversu fjarlægt þetta markmið er. Kraftar samfélagsins virðast virka þannig, að öðrum megin er fólk sem er ánægt með að borga öðrum sem minnst laun. Hinum megin borðsins situr svo fólk sem er ánægt ef það fær sem hæst laun. Kannski virkar samfélagið best þegar báðir aðilar eru fúlar. Eða hvað?

Pótt sátt virðist fjarlæg á stundum, þá er það engu að síður eitt mikilvægasta verkefni hvers heilbrigðis þjóðfélags að skapa sem mesta sátt. Þótt þetta sé eins konar Sysifosarverkefni – þar sem markmiðið næst aldrei fullkomlega – verður samt að reyna, sífellt og ætíð. Það verður að segjast eins og er, að einhverra hluta vegna gengur þessi vinna mjög brósulega á Íslandi. Óánægja stórra stétta með kjör sín er djúp og viðvarandi. Á köflum sér maður ekki almennilega hvernig er hægt að mæta óánægjunni án þess að kollvarpa efnahagslífinu. Það er úr vöndu að ráða.

Að rifast við hafið

Maður vill að ljósmæður séu sáttar. Maður vill að kennarar séu sáttir. Maður vill að hjúkrunarfræðingar kjósi frekar að vinna á spítölunum en hjá flugfélögunum eftir háskólanám sitt. Að kröftum þeirra sé frekar varið í það að sinna sjúkum en að spyrja flugfarþega hvort þeir vilji Sprite eða Kók. En þá verða sem sagt kjörin að verða betri. Í frjálsu samfélagi ríkir samkeppni um vinnuafli. Að segja stórum stéttum, eins og í skólakerfinu og heilbrigðiskerfinu, að laun þeirra séu víst góð er eins og að rifast við hafið. Það þýðir ekki neitt. Hafið ræður. Sama gildir á vinnumarkaði: Ef kjör eru slæm, fer fólk. Ef laun eru góð, kemur fólk. Sé maður



ráðamaður er vel hægt að pirra sig á þessum veruleika. Það er hægt að halda mikla reiðilestra út af því að heilbrigðismenntað fólk fái ekki til að vinna í heilbrigðiskerfinu. Það er hægt að berja fast í fullt af borðum og hvessa sig. Á endanum ræður samt fólkið. Og veruleikinn blasir við: Það vantar hundruð til starfa. Landspítalinn er rekinn með kraftaverki á hverjum degi. Mann grunar að þeir sem ráða í stjórnmalunum séu orðnir samdauna þessum veruleika, í einu allsherjar tilbrigði við grunnmöntru þjóðarinnar: Fyrst hlutir hafa reddast, þá hljóta þeir að reddast áfram. Ef maður er alltaf að redda, þá gera aðrir ráð fyrir því að maður reddi. Maður verður reddarinn.

Að rækta traust

En það er ekki hægt að byggja heilt þjóðfélag á reddurum og kraftaverkum. Það stefnir í óefni. Bensínið er að verða búið. Það ríkir vaxandi kergja. Hún sprettur af langþreytu. Nú þarf að gera allsherjarátak í því að skapa sem mesta sátt innan stórra grundvallarstétta á Íslandi, til þess að manna heilbrigðiskerfið og aðra mikilvæga vinnustaði. Það gengur ekki að hafa fólk eins og útspýtt hundskinn. Það verður að vera hægt að búa á Íslandi, vinna og njóta lífsins á sama tíma. Og það vilja líklega allir að þessi grunnkerfi séu í lagi.

Þannig að. Hvað er best að gera? Ég held að það verði að koma kjaraþáttu á Íslandi upp úr þessum farvegi sem hún er í, þar sem hver stétt er að berjast fyrir sig. Það gengur ekki til lengdar. Það þarf að ná heildarsátt, fá alla að borðinu,



Á Íslandi ríkir marghliða tortryggni. Fáir treysta nokkrum. Tortryggnin hefur grafið um sig á löngum tíma. Traust hefur ekki verið ræktað.

sammælast um helstu markmið, eins og til dæmis að menntun skuli borga sig, að fólk fái til starfa, að verðbólga fari ekki af stað þrátt fyrir kjarabætur, að fólk eftir í launastigunum haldi aftur af sér, að álögur séu ekki of þyngjandi, vinnuvikan ekki of löng og svo framvegis. Þetta er verkefnið. Margar nágrannþjóðir okkar gera þetta svona. Kjaramálin eru í ákveðnum farvegi. Það er búið að sammælast um markmið og áherslur. Það er búið að skilgreina sameiginlega – enda eru í raun og veru allir í sama liði – hvert efnahagslegt svigrúm samfélagsins er til kjarabóta og svo eru gerðir samningar á þeim grunni.

Það hefur einu sinni tekist að nálgast þessi mál svona á Íslandi, með Þjóðarsáttinni í gamla daga. Það var vel heppnað. Það er svolítið undarlegt að það módel hafi ekki verið notað aftur. En ástæðan er einföld: Á Íslandi ríkir marghliða tortryggni. Fáir treysta nokkrum. Tortryggnin hefur grafið um sig á löngum tíma. Traust hefur ekki verið ræktað. Það tók mörg ár að byggja upp traust milli fólks til þess að gera Þjóðarsáttina að veruleika á sínum tíma. Nú þarf að endurtaka þá vinnu.

Getur ekki einhver reddað því?

Kjaramál heilbrigðisstétta

Gunnar Helgason sviðsstjóri kjar- og réttindasviðs Fih



Aðferðir Íslendinga til þess að ná fram niðurstöðu í kjaradeilum eru meingallaðar,“ sagði Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra í fréttum Stöðvar 2 þegar rætt var við hann um þá alvarlegu stöðu sem upp er komin í kjaradeilu ljósmæðra við fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs. Ljósmæður hafa hætt störfum á Landspítala og fleiri hafa sagt upp störfum. Neyðaráætlun hefur tekið gildi á Landspítala og verkefnum er komið yfir á aðrar stofnanir þar sem ljósmæður eru enn starfandi. Yfirvinnubann ljósmæðra hefst um miðjan mánuðinn, nákvæmlega 10 árum eftir að rétt náðist að afstýra sambærilegu yfirvinnubanni hjúkrunarfræðinga hjá ríkinu í sambærilegri kjaradeilu.

Íslenskum stjórnvöldum virðist ofviða að semja um kaup og kjör við heilbrigðisstéttir. Nánast undantekningarlaust þurfa heilbrigðisstéttir að grípa til aðgerða eins og verkfalla til þess að knýja á um að gengið sé til samninga við þær. Hvers vegna er ástandið með þessum hætti og hvers vegna eru Íslendingar alltaf að grípa til þessara meingölluðu aðferða eins og fjármálaráðherra segir? Getur ekki verið að skorti á stefnu íslenskra stjórnvalda í heilbrigðismálum, mönnunar- og launamálum heilbrigðisstétta, kynbundnum launamun innan kerfisins og skorti á skýrri starfsmannastefnu sé að einhverju leyti um að kenna?

Rétt er að minna á að íslenska ríkið er nánast eini vinnuveitandi flestra heilbrigðismenntaðra kvennastétta. Á Íslandi hefur það sjaldan átt upp á pallborðið að kvennastéttum sem sinna umönnunarstörfum séu greidd laun í samræmi við ábyrgð í starfi. Að þessu leyti hefur jafnréttisbaráttan náð litlum árangri. Markaðslögmál þar sem samspil framboðs og eftirspurnar ræður launum og launaþróun stétta virðist ekki gilda hjá hinu opinbera þegar kemur að kvennastéttum.

Fjármálaráðherra, fjármálaráðuneytinu og Samtökum atvinnulífsins verður tíðrætt um að launaþróun

þurfi að vera sambærileg milli stétta. Þessi aðgerð myndi ganga ef allir væru með sambærileg laun í upphafi samanburðar eða hlutlægt mat lægi á bak við launasetningu, en huglægt mat og gamlar hefðir um launasetningu karla og kvenna virðast ráða meiru. Þetta væri einnig gagnleg aðferð ef sama upphafsár væri alltaf notað í slíkum útreikningum.

Í kjarasamningum undanfarinna ára hafa íslensk stjórnvöld notast við upphafspunkt sem hentar hverju sinni. Árin 2006 og 2013 hafa verið notuð. SALEK-samkomulag og kjarasamningar 2015 gengu út frá launaþróun 2013. Þann 5. júlí gaf fjármálaráðuneytið út yfirlýsingu um launaþróun ljósmæðra og var árið 2007 þá notað sem upphafsár, væntanlega af því að það hentaði betur. Það að skoða bara launaþróun gefur skakka mynd ef heildarmyndin eða hvað liggur á bak við er ekki skoðað.

Launaþróun upp á 30% skilar færri krónum til launamanns sem er með 400 þúsund krónur í laun en þess sem er með 700 þúsund krónur. Það er það sem ljósmæður, hjúkrunarfræðingar og fleiri heilbrigðismenntaðar kvennastéttir horfa til þegar verið er að meta launahækkanir hjá hinu opinbera. Til að mynda hafa dagvinnulaun hjúkrunarfræðinga hækkað um 133 þúsund krónur frá árslokum 2014 til ársloka 2017 á meðan t.d. kjararáð, lækna og skurðlækna hafa fengið um 300 þúsund króna hækkanir á dagvinnulaunum að meðaltali, ofan á laun sem fyrir voru mun hærrí en hjúkrunarfræðinga.

Ljósmæður hafa notið lakari launaþróunar en aðrir opinberir starfsmenn bæði hvað varðar prósentur og krónur, það sýna gögn fjármálaráðuneytisins. Reikningsæfingar eins og fjármálaráðuneytið grípur til í yfirlýsingu sinni þann 3. júlí breyta litlu þar um. Það að lengja tímabilið sem skoðað er eða notast við upphafspunkt sem ekki hefur verið notaður í neinum samanburði gagnast lítið.

Samtal ALLRA aðila á vinnumarkaði um það hvernig eigi að meta störf, menntun, ábyrgð, álag og umfang væri ágætis byrjun til þess að þróa nýjar aðferðir til þess að leiða kjaradeildur til lykta á Íslandi. Síðan mætti reikna launaþróun út frá því. Vilji til þess að taka slíkt samtal virðist ekki vera til staðar, í það minnsta hefur hjúkrunarfræðingum ekki verið boðið í þá umræðu en þeir eru alltaf reiðubúnir til samtals.

VIÐURKENNDIR ÞJÓNUSTUAÐILAR HEKLU

Verður þú á ferðinni í sumar? Fyrirbyggjandi skoðun á bílnum fyrir sumarið gæti bjargað fríinu. Kynnið ykkur þá þjónustu sem er í boði fyrir hvert merki hjá þeim þjónustuaðila HEKLU sem er næstur þér.

Við erum til staðar fyrir þig!

Bílaverkstæði K.S.
Hesteyri 2
550 Sauðárkróki
455-4570
gunnar.valgardsson@ks.is

Bílaverkstæði SB
á Ísafirði
Sindragötu 3
456-3033
verkstjóri@bsb.is

Kletthálsi 9,
110 Reykjavík
568-1090
bilson@bilson.is

HEKLA Reykjanesbæ
Njarðarbraut 13
260 Reykjanesbær
590-5090
fyrirspurnmb@hekla.is



Laugavegur 170, 105 Reykjavík
590-5030
thjonusta@hekla.is



Höldur

Pórsstíg 4,
600 Akureyri
461-6060
verk@holdur.is

BVA.is

Bílaverkstæði Austurlands
Miðás 2, 700 Egilsstaðir
470-5070
info@bva.is

Klettur

Hrísmýri 3
800 Selfossi
482-4012
bvklettur@selfoss.is

Komnir í undanúrslit á HM í fyrsta sinn síðan 1990

Næstum þriggja áratug bið á enda. Dele Alli fagnar eftir að hafa gulltryggt Englandi 0-2 sigur á Svíþjóð í 8-liða úrslitum á HM í Rússlandi á laugardaginn. Englendingar eru því komnir í undanúrslit á HM í fyrsta sinn síðan 1990. Þar mæta þeir Króötum. Englendingar eru fótboltaóðir sem aldrei fyrr og kyrja lagið vinsæla „Three Lions“, þar sem sungið er um að fótboltinn sé kominn heim, við hvert einasta tækifæri. NORDICPHOTOS/GETTY

Frábært að fólk fylgist með

Guðbjörg Jóna Bjarnadóttir, 16 ára hlaupakona úr ÍR, náði frábærum árangri á Evrópumeistaramóti U-18 ára sem lauk í gær. Hún vann til gullverðlauna í 100 metra hlaupi og bronsverðlauna í 200 metra hlaupi.

FRJÁLSAR ÍPRÓTTIR „Ég vissi þannig séð að ég myndi enda á palli í 200 metra hlaupi en 100 metrarinn komu á óvart. Ég var með áttunda besta tímarnum inn í úrslitin. Það var gaman að komast þangað og geggjáð að verða í 1. sæti,“ sagði Evrópumeistarinn Guðbjörg Jóna Bjarnadóttir í samtali við Fréttablaðið í gær.

Guðbjörg gerði sér lítið fyrir og vann til tvönnra verðlauna á Evrópumeistaramóti 18 ára og yngri í Györ í Ungverjalandi sem lauk í gær. Á föstudaginn kom hún fyrst í mark í úrslitum í 100 metra hlaupi. Sigurtíminn var 11,75 sekúndur en Guðbjörg var sex þúsundustu úr sekúndu á undan Pameru Losange frá Frakklandi og Boglörku Takács frá Ungverjalandi. Besti tími hennar í greininni er 11,68 sekúndur.

Á laugardaginn bætti Guðbjörg svo bronsmedalíu í safnið þegar hún varð þriðja í úrslitum í 200 metra hlaupi sem er hennar sterkasta grein. Hún var með næstbesta tímann inn í úrslitin; 23,70 sekúndur.

Í úrslitunum kom Guðbjörg í mark á 23,73 sekúndum en hennar besti tími í greininni er 23,61 sekúnda. Adeleke Rhasidat frá Írlandi varð hlutskörpust á 23,52 sekúndum og hin franska Joseph Gemima varð önnur á 23,60 sekúndum.

„Markmiðið var að komast í úrslit og ná sem bestum tíma en ekkert endilega að komast á pall,“ segir Guðbjörg um væntingarnar fyrir 200 metra hlaupið. Hún kveðst ánægð með tímana sem hún náði

á EM, ekki síst þegar tekið er mið af álaginu sem er á hlaupurum á mótum sem þessum.

„Sérstaklega miðað við hvað þetta eru mörg hlaup. Það er ekkert alltaf hægt að hlaupa á bestu tímunum eftir 4–5 hlaup. Þetta voru mjög góðir tímar miðað við það,“ segir Guðbjörg sem hefur æft frjálssar íþróttir í sex ár. Frá 14 ára aldri hefur hún einbeitt sér að hlaupum.

Eins og áður sagði er 200 metra hlaup sterkasta grein Guðbjargar. Hún gæti þó einbeitt sér meira að 400 metra hlaupi eftir því sem fram líða stundir.

„Hundrað metra hlaup er eiginlega of stutt fyrir mig því ég er betri í endann. Það er betra fyrir mig að vera í aðeins lengri hlaupum,“ segir Guðbjörg sem hefur keppt í 400 metra hlaupi þótt hún æfi ekki sérstaklega fyrir það.

Guðbjörg vonast til að geta nýtt meðbyrinn sem hún fékk á EM í næstu verkefni hjá sér. Hún er jafnframt þakklát fyrir stuðninginn sem hún hefur fengið síðustu daga.

„Vonandi get ég bætt tímana mína og það væri gaman að komast oftar á pall. Það er frábært að vita að maður geti gert þetta og fá allan þennan stuðning. Ég hef fengið fullt af skilaboðum og það er frábært að fólk sé að fylgjast með þessu. Það ýtir manni áfram til að bæta sig á æfingum og í keppni,“ segir Guðbjörg sem verður ekki 17 ára fyrr en á aðfangadag.

En hvernig sér hún fyrir sér næstu skref á ferlinum og framhaldið?



Evrópumeistarinn Guðbjörg Jóna Bjarnadóttir. MYND/GUNNLAUGUR JÚLIÚSSON

„Mig langar kannski að fara í skóla til Bandaríkjanna eftir menntaskólann en það kemur bara allt í ljós. Það er langt þangað til

maður þarf að fara að þæla í því,“ segir Evrópumeistarinn Guðbjörg Jóna Bjarnadóttir að lokum. ingvithor@frettabladid.is

**Stjarna helgarinnar á HM 2018**

Jordan Pickford lék sinn besta landsleik þegar England bar sigurorð af Svíþjóð, 0-2, í 8-liða úrslitum á HM í Rússlandi á laugardaginn.

Eftir náðugan fyrri hálfleik þurfti Pickford nokkrum sinnum að taka á honum stóra sínum í seinni hálfleik. Hann varði til að mynda tvisvar frá Marcus Berg og einu sinni frá Viktor Claesson og sá til þess að England hélt hreinu í fyrsta skipti á HM 2018.

Pickford, sem er 24 ára, hefur náð ótrúlega langt á stuttum tíma en það er ekki langt síðan hann lék í utan-deildinni á Englandi.

**HM 2018 í Rússlandi, 8-liða úrslit**

Svíþjóð - England 0-2
0-1 Harry Maguire (30), 0-2 Dele Alli (59).

Rússland - Króatía 2-2 (3-4)
1-0 Denis Cheryshev (31.), 1-1 Andrej Kramaric (39.), 1-2 Domagoj Vida (101.), 2-2 Mario Fernandes (115.).

Króatía vann í vitakeppni, 3-4.

England og Króatía mætast í undanúrslitum HM í Moskvu á miðvikudaginn.

Pepsi-deild karla

FH - Grindavík 2-1
1-0 Steven Lennon, víti (32.), 2-0 Brandur Olsen (58.), 2-1 Rodrigo Gomes Mateo (76.).

Rauð spjóld: Brynjar Ásgeir Guðmundsson, Grindavík (31.), Pétur Viðarsson, FH (48.).

Keflavík - Stjarnan 0-2
0-1 Guðmundur Steinn Hafsteinnsson (15.), 0-2 Hilmar Árni Halldórsson (27.).

ÍBV - Breiðablik 0-0

| Efri | | Neðri | |
|------------|----|-------------|----|
| Stjarnan | 25 | KA | 12 |
| Valur | 25 | ÍBV | 12 |
| Breiðablik | 19 | Víkingur R. | 12 |
| FH | 19 | Fjölnir | 12 |
| Grindavík | 17 | Fylkir | 11 |
| KR | 14 | Keflavík | 3 |

Íslenskur sigur í lokaumferðinni

HANDBOLTI Ísland vann nauman sigur á Síle, 23-22, í lokaumferð riðlakeppninnar á HM U-20 ára kvenna í handbolta í gær. Mótið fer fram í Debrechen í Ungverjalandi.

Lovisa Thompson skoraði sigurmark Íslands þegar tæpar tvær mínútur voru til leiksloka. Hún var markahæst í íslenska liðinu með sjö mörk.

Ísland endaði í 3. sæti B-riðils og mætir Noregi, sem endaði í 2. sæti A-riðils, í 16-liða úrslitum mótsins á morgun. Sigurvegarinn mætir Frakklandi eða Japan í 8-liða úrslitunum á miðvikudaginn. – ips

FRÉTTABLAÐIÐ

MÁNUDAGUR 9. JÚLÍ 2018

Ferðalög



Vinaleg stemning og gleði einkennir þungarokkshátíðina Eistnaflug, sem er haldin í Neskaupstað á hverju ári. MYND/RONALD ROGGE


Einstök stemning á Eistnaflugi

Eistnaflug, árshátíð þungarokksins á Íslandi, hefst næsta miðvikudag. Vinaleg og jákvæð stemning er alltaf ráðandi á hátíðinni og í ár verður lögð áhersla á að fagna fjölbreytileika þungarokksins. ➔2

FRÉTTABLAÐIÐ

Fréttablaðið með þér í sumar.

Þú getur nálgast frítt eintak af Fréttablaðinu á eftirfarandi stöðum víðsvegar um landið:



FRÉTTABLAÐIÐ
mest lesna dagblað landsins.



The Vintage Caravan hefur spilað á Eistnaflugi áður og snýr aftur í ár. MYND/GAUI H



Helga féll fyrir stemningunni á Eistnaflugi og hlakkar mikið til hátíðarinnar. MYND/ÞÓRSTEINN

Oddur Freyr Þorsteinsson

oddurfreyr@frettabladid.is



Þungarokkshátíðin Eistnaflug hefur verið haldin í Neskaupstað á hverju ári síðan 2005 og í ár fer hún fram milli 11. og 14. júlí. Þar koma margar af fremstu þungarokkssveitum landsins fram ásamt ýmsum þekktum erlendum sveitum, eins og til dæmis Kreator, Týr, Watain, Batushka og Anathema.

„Eistnaflug er það sem við köllum árshátíð þungarokksins á Íslandi. Þarna koma allir þungarokkararnir saman einu sinni á ári og fagna,“ segir Helga Dóra Jóhannesdóttir, sölustjóri hátíðarinnar. „Þetta byrjaði með vinahópi sem fór í rútu til Neskaupstaðar til að halda partí, en Stefán Magnússon, stofnandi Eistnaflugs, bjó þar á þeim tíma. Þetta varð svo að hefð og síðan hefur hátíðin stækkað með hverju ári. Íslensku þungarokkararnir eru mjög hollir og tryggir Eistnaflugi og hátíðin er nú orðin nógu stór til að vera alþjóðleg þungarokkshátíð.“

Stemningin og andrúmsloftið aðalatriðið

„Það sem gerir Eistnaflug einstakt er stemningin og andrúmsloftið. Þó að þetta sé árshátíð þungarokkara þá er þungarokkið í rauninni í öðru sæti á eftir þessu,“ segir Helga Dóra. „Það er einstök vinátta í gangi, fólk er hjálpsamt og það er mikil gleði í gangi. Þó fötin séu



Það er harðbannað að vera fáviti á Eistnaflugi og þar hafa aldrei komið upp alvarlega ofbeldismál.

MYND/RONALD ROGGE

svört og sumum þyki kannski sumt við þungarokksmenningu ógnvekjandi er ótrúlega mikil gleði í gangi. Í fyrra kom líka fullt af fjölskyldum, enda hefur Neskaupstaður sérstaklega fjölskylduvænt útilegusvæði.

Við höfum tekið mjög skýra afstöðu gegn ofbeldi og það hafa ekki komið upp nein alvarleg mál á Eistnaflugi, sem við erum ótrúlega stolt af,“ segir Helga Dóra. „Við gerum líka ýmislegt til að koma í veg fyrir það og erum bæði með öflugra gæslu og fólk frá Aflinu frá Akureyri, sem eru systursamtök

Stígamóta og þau eru sýnileg og í viðbragðsstöðu alla hátíðina.

Fólkið stendur líka saman og þetta slagorð okkar, „bannað að vera fáviti“, hjálpar mikið til,“ segir Helga Dóra. „Árið 2013 varð ég vitni að stympingum á milli tveggja stráka en þá gekk stelpa á milli þeirra og sagði: „Strákar, þið vitið að það er bannað að vera fáviti hérna,“ og það stoppaði þá.“

Margar spennandi hljóm-sveitir

„Í ár erum við að reyna að komast aftur að rötum Eistnaflugs, tónlistarlega séð. Hátíðin hefur orðið fjölbreyttari með árunum og fleiri tónlistarstefnur hafa komist að, en við viljum leggja áhersluna aftur á þungarokkið og að fagna fjölbreytileika þess,“ segir Helga Dóra. „En svo erum við líka alltaf með partí á laugardagskvöldinu og í ár ætlar Gus Gus að spila, svo þar fær fólk fri frá þungarokkinu og getur dansað við öðruvísi tónlist.“

Ég er alltaf spenntust fyrir vinum mínum í íslensku sveitunum, en það koma líka margar spennandi erlendar sveitir. Af þeim er ég klárlega spenntust fyrir Kreator,“ segir Helga Dóra. „En það er líka mikil spennan fyrir Watain, Batushka og Týr. Ég heyri mikið talað um að fólk vilji koma til að sjá Týr, enda eru þeir vel þekktir og vinsælir hér á landi.“

Ýmis jákvæð áhrif

„Það er mikil ánægja með hátíðina í Neskaupstað,“ segir Helga Dóra. „Fólk hefur gaman af henni og

hún dregur fleiri ferðamenn til bæjarins en nokkur annar viðburður. Fyrir vikið fáum við rosalega mikinn stuðning og hjálp frá heimamönnum.“

Eistnaflug hefur líka haft frábær áhrif á þungarokk á Íslandi, því hátíðin hefur veitt íslenskum sveitum aukin tækifæri í útlöndum,“ segir Helga Dóra. „Hún dregur hingað fulltrúa frá erlendum útgáfufyrirtækjum og fjölmiðlum og það hefur hjálpað íslenskum sveitum mjög mikið við að koma sér á framfæri.“

Sveitir eins og Une Misère, Auðn, Misþyrming, Kontinuum og fleiri hafa til dæmis fengið tækifæri erlendis af því að það var tekið eftir þeim á Eistnaflugi. Við erum rosalega ánægð með að Eistnaflug hafi þessi áhrif,“ segir Helga Dóra. „Íslenskur svartmálmur er orðinn mjög vinsæll erlendis og mörgum finnst magnað hvað litla Ísland getur alið af sér mikið af vönduðu þungarokki.“

Síðhærðir þungarokkarar og Abba

„Ég hef verið þungarokkari síðan ég man eftir mér en það var ekki fyrir en árið 2013 sem ég fór á Eistnaflug fyrsta sinn. Mér fannst ótrúlegt að sjá alla vináttuna og jákvæðnina sem var allsráðandi,“ segir Helga Dóra. „Það var ekki mikil ölvun og það voru allir bara „ligglad“. Það var líka einstök stemning inni í Egilsbúð, þar sem hátíðin var lengi haldin áður en hún stækkaði. Ég sá strax eftir að hafa ekki farið áður og ákvað að ég

myndi alltaf fara. Hápunkturinn fyrir mig var svo þegar ég kom inn í Egilsbúð á laugardagskvöldi og ég sá alla síðhærðu þungarokkarana bera að ofan í leðurjökkunum sínum að missa sig í diskógleði, dansandi við Abba.“

Bjartsýn á framtíðina

Á næsta ári verður haldin stór þungarokkshátíð í Reykjavík, sem ber heitið Reykjavík Metalfest. Helga hefur engar áhyggjur af því að hátíðin veiti Eistnaflugi samkeppni. „Vinir okkar sjá um þessa hátíð, við erum í góðum samskiptum og hátíðirnar eru mjög ólíkar,“ segir Helga Dóra. „Það er gjörólik upplifun að fara á þungarokkshátíð í miðbæ Reykjavíkur eða fara á svona hátíð sem er úti á landi og fólk ferðast langa leið, tjaldar eða gistir á hóteli og er á hátíðinni allan sólarhringinn í nokkra daga. Það er stór hópur af fólki sem kemur á Eistnaflug á hverju ári bara fyrir þá einstöku stemningu sem fylgir bæði hátíðinni sjálfri og ferðalaginu á hana.“

Við komum illa út úr síðustu hátíð fjárhagslega og síðasta ár höfum verið að vinna í að borga allar skuldir, sem gekk með hjálp úr ýmsum áttum,“ segir Helga Dóra. „Þannig að reksturinn hefur verið erfiður, en nú erum við farin að horfa með bjartsýni til næsta árs. Miðasalan á Tix.is hefur gengið vel, veðrið verður frábært og við höfum fengið ótrúlega gott viðmót og stuðning frá öllum þetta árið, svo við hlökkum bara rosalega til hátíðarinnar í ár.“

Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundin ritstjórnarnefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: 365 miðlar
Ábyrgðarmaður: Elmar Hallgrímsson

Umsjónarmenn efnis: Elin Albertsdóttir, elin@frettabladid.is, s. 512 5349 | Ragnheiður Tryggvadóttir, heida@frettabladid.is, s. 512 5367 | Oddur Freyr Þorsteinsson, oddurfreyr@frettabladid.is, s. 512 5368 | Sigríður Inga Sigurðardóttir, sigriduringa@frettabladid.is, s. 512 5372 | Starri Freyr Jónsson, starri@frettabladid.is, s. 512 5358 | Þóris Lilja Gunnarsdóttir, thordisg@frettabladid.is, s. 512 5338

Sölumenn: Atli Bergmann, atli@frettabladid.is, s. 512 5457 | Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 512 5429 | Ólafur H. Hákonarson, olafurh@frettabladid.is, s. 512 5433 |

ALLT Í FERÐALAGIÐ

Veglegt sérblað Fréttablaðsins um allt sem viðkemur ferðalaginu kemur út 19. júlí nk.

Tryggðu þér gott auglýsingapláss í langmest lesna dagblaði landsins.



Nánari upplýsingar um blaðið veitir

Jón Ívar Vilhelmsson markaðsfulltrúi Fréttablaðsins.
Sími 512 5429 / jonivar@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ

Fasteignablaðið

28. TBL. MÁNUDAGUR 9. JÚLÍ 2018

FASTEIGNIR. FRETTLADID.IS



Sigurður Samielsson Löggr. fast. og eigandi sigurdur@landmark.is sími 896 2312 Þórarinn Þorarensen Sölustjóri og eigandi th@landmark.is sími 770 0309 Þórey Ólafsdóttir Löggr. fast. og eigandi thorey@landmark.is sími 663 2300 Andri Sigurðsson Löggr. fast. og eigandi andri@landmark.is sími 690 3111 Sveinn Eylend Löggr. fast. og eigandi sveinn@landmark.is sími 690 0820 Kristján Ólafsson Löggr. fast. kol@landmark.is sími 512 4900 Nadia Katrin Banine Löggr. fast. nadia@landmark.is sími 692 5002 Ingibjörg A. Jónsdóttir Löggr. fast. inga@landmark.is sími 897 6717 Eggert Mariusson Löggr. fast. eggert@landmark.is sími 690 1472 Jóhanna Gustavsdóttir Löggr. fast. johanna@landmark.is sími 698 9470 Helga Snorraddóttir Skrifstofa/skjalavinnsla landmark@landmark.is sími 512 4900 Guðrún D. Lúðvicksdóttir Skrifstofa/ í námi til lögg. gudrun@landmark.is sími 512 4900 Ásdís Rósa Ásgeirsdóttir Löggr. fast. asdis@landmark.is sími 895 7784

LANDMARK
FASTEIGNASALA

Hlíðasmári 2, 201 Kópavogur.

Sími 512 4900 • landmark.is

Landmark leiðir þig heim!

Fagleg þjónusta - Vönduð vinnubrögð



Ingólfur Geir Gissurarson Framkvæmdastjóri, lögg. fasteignasali og leigumíðari 896 5222 Heiðar Friðjónsson Sölustjóri Löggr. fasteignasali B.Sc. 693 3356 Herdís Valb. Hölludóttir Lögfræðingur og löggiltur fasteignasali 694 6166 Úlfar F. Jóhannsson hdl. Lögfræðingur, Löggiltur Fasteignasali. Skjalagerð.



Margrét Sigurgeirsdóttir Skrifstofustjóri margret@valholl.is 588 4477 Pétur Steinar Jóhannsson Aðstoðarm. fasteignasala Snæfellsnesi 893 4718 Anna F. Gunnarsdóttir. Lita og innanhús Stíllisti. Löggiltur fasteignasali 892 8778 Sturla Pétursson Löggiltur fasteignasali 899 9083 Snorri Snorrason Löggiltur Fasteignasali. Útibú Höfn í Hornafirði. 895-2115



Síðan 1995

Nútímaleg, kraftmikil og framsækin fasteignasala sem byggir á áratuga reynslu starfsmanna!

Síðumúla 27 | Sími 588 4477 | www.valholl.is

Sumarhús í Kjósinni

Fold fasteignasala, kynnir vel hannað sumarhús á grónu landi í fallegu umhverfi í aðeins 40 mín. akstursfjarlægð frá höfuðborgarsvæðinu. Sumarhúsið er 64,9 fm ásamt gestahúsi/geymslu og áhaldageymslu, við Holtssveg 1 í Meðalfellslandi í Kjós. Lóðin er leigulöð í mjög góðri rækt. Hitaveita er komin að húsi.

Komið er inn í forstofu /tengibyggingu fyrir miðju húsi með flisum á gólfi og stórum glugga. Á hægri hönd er eldhús með harðviðargólfi, gaseldavél, og uppbyggð.

A vinstri hönd úr tengibyggingu er stofa með harðviðargólfi, útgengt á hellulagða verönd í suðvestur. Inn af stofu er rúmgott svefnherbergi með tveimur rúmum og litlum skáp.

Badherbergi er með sturtuklefa og fallegum flisum á gólfi. Lítil gluggalaus geymsla er við hlíð badherbergis. Úr tengibyggingu er einnig útgengt á pall sem snýr í norðvestur.

A efri hæð er stórt svefnherbergi sem snýr í suðvestur, þaðan er gengið út á svalir með fallegu útsýni. Einnig er á efri hæð opið svefnloft.

Allt innbú fylgir utan persónulegra muna.

Geymsla/gestahús, 15,9 fm. Lítil




FOLD FASTEIGNASALA Sími 552 1400

forstofa, þaðan gengið inn í rými með viðargólfi. Í húsinu er eldaveil og ofn og einnig snyrting með WC og vaski. Gluggar á tvo vegu. Að sögn seljanda er forstofan 4 fm. Hún er byggð síðar og er því ekki skráð í opinberri skráningu. Stærð hússins er því 20 fm.

Lítil óskráð áhaldageymsla er einnig á lóðinni.

Leiðarlýsing: Ekið er inn Meðalfellsveg af Hvalfjarðarvegi og eknir u.þ.b. 2 km. Þá er beygt til hægri inn á Hjarðarholtsveg. Húsið er annað hús á hægri hönd þegar komið er að sumarhúsabyggðinni.



FOLD Sími 552 1400

Upplýsingar hjá Fold fasteignasölu, Söltúni 20, 105 Reykjavík. Sími 552 1400. Utan skrifstofutíma: Viðar 694-1401, Einar 893-9132 og Gústaf 895-7205 og fold@fold.is. www.fold.is



heimili fasteignasala - á traustum grunni



Bogi Pétursson lögg. fasteignasali



Finnabogi Hilmarsson lögg. fasteignasali



Guðbjörg G. Blöndal lögg. fasteignasali



Jón Bergsson hdl. og lögg. fasteignasali



Brynjólfur Snorrason lögg. fasteignasali



Gunnlaugur A. Björnsson lögg. fasteignasali



Ásdís Írena Sigurðardóttir skrifstofustjóri



Ragnar Þorgeirsson viðskiptafæðingur



Finnu okkur á Facebook



Laufbrekka 9 - eign með tekjumöguleikum. Góð fjögurra herbergja íbúð á 2 hæð auk tveggja útleiguryrma á jarðhæð, samtals 204,1 fm. Á efri hæð er ágæt 102,4 fm fjögurra herbergja íbúð með útgengi út á verönd/garð og á neðri hæð er studioíbúð og önnur tveggja herbergja íbúð sem báðar eru í útleigu. Eign á góðum stað með miklum tekjumöguleikum. Nánari uppl. veitir Brynjólfur, lfg. s: 896-2953.



Vesturgata 20 - 3ja til 4ra. Stofa og eldhús í opnu og björtu rými. Tvö góð svefnherbergi og badherbergi með sturtuklefa, tengi fyrir þvottavél og gluggi með opnanlegu fagi. Falleg eign í miðbæ Reykjavíkur þar sem stutt er í alla þjónustu og iðandi mannlíf. Nánari uppl. veitir Brynjólfur, lfgs. s: 896-2953.



Skúlagata 20 - 2ja herbergja með sérgarði. Laus strax. Björt og vel skipulögð 2ja herbergja íbúð á jarðhæð í húsi ætlað fyrir 60 ára og eldri. Rúmgott herbergi, stofa og eldhús í opnu rými og geymsla innan íbúðar. Gengið út á skjólgóða suðurveið og garð. Húsvörður í húsinu. Öll þjónusta eldri borgara á Vítorgi. Laus strax. Uppl veitir Finnabogi, 895-1098.



Sléttuvegur 15 - íbúð fyrir 55 ára og eldri 3ja herbergja 95,2 fm íbúð í glæsilegu húsi. Sameign fylgir íbúð, funda/veislusalur, líkamsræktaradstaða og margt fl. Íbúð fyrir 55 ára og eldri. Yfirbyggðar suðursvalir með útsýni. Verð: 49.9 millj. **Opið hús á morgun þriðjudag milli 17:15 og 17:45.** Uppl. veita Jón s: 777 1215 og Gunnlaugur s: 617 5161



Reykjahlíð - 135 fm sérhæð Rúmgóð björt og vel skipulögð 133 fm hæð með séringangang og útgangi á hellulagða verönd. Íbúðin er mikið endurbætt. Þrjú góð svefnherbergi og stór stofa. Góður bakgarður. Uppl Bogi 6993444



Skólbraut - 65 ára og eldri 2ja herbergja íbúð á jarðhæð við Skólbraut 3-5 á Seltjarnarnesi. Íbúðin er skráð alls 56,5 fm. Íbúðin er í góðu ástandi. Hún er með parketdúk á gólfum og badherbergi flisalagt í hólf og gólf með tengi fyrir þvottavél. Eldhús opið yfir í stofu. Útgangur úr stofu á sólpall í sameiginlegum garði. Laus til afhendingar.

530 6500

Grensásvegi 3 | Opið mán. - fös. frá kl. 9-17 | www.heimili.is

530 6500



EIGNAMIDLUN

SALA FASTEIGNA SÍÐAN 1957



Sverrir Kristinsson
Löggiltur fasteignasali



Kjartan Hallgeirsson
Löggiltur fasteignasali
Sími 824 9093



Guðmundur Sigurjónsson
Löggiltur fasteignasali



Guðlaugur I. Guðlaugsson
Löggiltur fasteignasali
Sími 864 5464



Þórarinn M. Friðgeirsson
Löggiltur fasteignasali,
sölustjóri
Sími 899 1882



Magnea S. Sverrisdóttir
MBA, löggiltur fasteignasali
Sími 861 8511



Hilmar Þór Hafsteinsson
Löggiltur fasteignasali,
löggiltur leigumíðlari
Sími 824 9098



Brynjar P. Sumarliðason
BSc í viðskiptafræði,
löggiltur fasteignasali
Sími 896 1168

STÓRGLÆSILEGT EINBÝLISHÚS MEÐ EINSTÖKU ÚTSÝNI



Skildinganes 44

VÖNDUÐ EIGN Á SJÁVARLÓÐ

Stórglæsilegt 457 fm einbýlishús á tveimur hæðum á sjávarlóð við Skildinganes 44 í Skerjafirði. Einstak útsýni er úr húsinu, m.a. sjávar- og fjallasýn. Húsið sem var byggt árið 2009 er teiknað af Sigurði Hallgrímssyni arkitekt. Innanhússarkitekt er Guðbjörg Magnúsdóttir. Allar innréttingar í húsinu eru vandaðar og sérsníðaðar af Hegg smíðaverkstæði. Mjög mikil lofthæð er á efri hæð hússins eða allt að 3,3 m. Tveir arnar, annars vegar milli stofu og borðstofu og hins vegar í eldhúsi. Stórar svalir eru útaf stofu meðfram húsinu. Húsið skiptist m.a. í mjög stóra stofu, borðstofu, eldhús með sjónvarpskrók, fjögur herbergi, fjölskylduherbergi með skrifstofu innaf, tvö baðherbergi, snyrtingu, fataherbergi, þvottahús, geymslur og forstofu. Íbúðarrými er skráð 408,9 fm en auk þess er 47,8 fm tvöfaldur bílskúr með mikilli lofthæð. Mjög fallegur gróinn garður. Hellulögð verönd með heitum potti og útisturtu. Einnig er viðarpallur útaf hjónaherbergi. Húsið stendur á 825 fm eignarlóð.

NÁNARI UPPLÝSINGAR VEITA

Magnea S. Sverrisdóttir, löggiltur fasteignasali
magnea@eignamidlun.is / 861 8511

Sverrir Kristinsson, löggiltur fasteignasali
sverrir@eignamidlun.is / 861 8514

SEILUGRANDI 1 107 REYKJAVÍK



OPIÐ HÚS



Falleg 123,3fm 5 herbergja íbúð á tveimur hæðum (efstu hæðum) við sjávarsíðuna í Vesturbænum. Íbúðin er að hluta til undir súð þannig að gólfloður er töluvert meiri. Íbúðin skiptist m.a. í stofu, eldhús, fjögur herbergi og tvö baðherbergi. Endurnýjað eldhús og standsett baðherbergi. Suðurvalir. Frábær staðsetning. Örstutt í leikskóla, skóla, sundlaug, verslanir og útivistarsvæði. **V. 58,9 m.**

Opið hús þriðjudaginn 10. júlí milli 17:15 og 17:45.

Nánari uppl.: Kjartan Hallgeirsson lg.fs.

Hreiðar Levy Guðmundsson nemi til lg.fs. s. 661 6021.

TJARNARGATA 43 101 REYKJAVÍK



Glæsileg mikið endurnýjuð 3ja-4ra herb. rishæð í þríbýlishúsi við eina af fallegustu götum borgarinnar, Tjarnargötu. Einstök staðsetning skammt frá miðbænum. Rúmlega 5 metra lofthæð er í hluta íbúðarinnar og milli loft er yfir hluta íbúðarinnar. Viðarbitar eru í loftum sem setja skemmtilegan svip á íbúðina. Íbúðin hefur verið töluvert endurnýjuð m.a. eldhús og baðherbergi. Glæsilegt útsýni er úr íbúðinni, sérstaklega af milliloftinu. Íbúðin er skráð 80,1 fm en gólfloður er töluvert stærrí en íbúðin er að hluta til undir súð. Stór garður. **V. 62,9 m.**

Nánari uppl.: Magnea S. Sverrisdóttir lg.fs., s. 861 8511, magnea@eignamidlun.is

LJÓSVALLAGATA 10 101 REYKJAVÍK



Falleg og nýppgerð 3ja-4ra herbergja risibúð við eina fallegustu götum Reykjavíkur. Íbúðin skiptist í tvær stofur, 1-2 herbergi, eldhús, baðherbergi og gang. Íbúðin hefur verið nýlega endurnýjuð á fallegan og smekklegan hátt. Laus strax. **V. 45,9 m.**

Nánari uppl.: Alexander I. Kristjánsson lg.fs. s. 695 7700.

SÓLVALLAGATA 11 101 REYKJAVÍK



Björt og rúmgóð 86,0 fm 3ja herbergja íbúð í kjallara í fallegu 3-býlishúsi við Sólvallagötu í Vesturbænum. Húsið er staðsett á horni Sólvallagötu og Blómvallagötu. Sér inngangur. Íbúðin snýr öll "inn í gardinn". Íbúðin er laus við kaupsamning. **V. 38,5 m.**

Nánari uppl.: Magnea S. Sverrisdóttir lg.fs. s. 861 8511.

GRANDAVEGUR 37 107 REYKJAVÍK



Vorum að fá í sölu góða 39,5 fm 2ja herbergja íbúð með sér inngangi við Grandaveg 37 í Reykjavík. Nýlegt járn á þaki, nýleg gólfefni og nýir gluggar. Eignarlóð skráð 228 fm. Frábær staðsetning. Stutt í skóla, leikskóla, verslanir og alla helstu þjónustu. **V. 29,95 m.**

Nánari uppl.: Hilmar P. Hafsteinsson lg.fs. s. 824 9098.

ÁSBRAUT 13 200 KÓPAVOGUR



5 herb. 121,2 fm íbúð á 1.hæð í góðu stenklæddu fjölbýli við Ásbraut í Kópavogi. Fjögur svefnherbergi, sér þvottahús innan íbúðarinnar og búr, tvennar svalir, snyrtileg sameign. Góð staðsetning þar sem stutt er í alla helstu þjónustu.

Nánari uppl.: Þórarinn M. Friðgeirsson lg.fs. s. 899 1882.

60
ÁRA

FRAMÚRSKARANDI
SÍÐAN 1957



GRENSÁSVEGUR 11

SÍMI 588 9090



Alexander Ingi
Kristjánsson
Löggiltur
fasteignasali
Sími 695 7700



Gunnar Jóhann
Gunnarsson
Hdl., löggiltur
fasteignasali
Sími 695 2525



Daði Hafþórsson
Löggiltur
fasteignasali
Sími 824 9096



Hreiðar Levy
Guðmundsson
Nemi til
löggildingar
fasteignasala
Sími 661 6021



Jenný Sandra
Gunnarsdóttir
Skrifstofustjóri



Kamilla Björk
Garðarsdóttir
Skjalagerð



Ásdís H.
Júlíusdóttir
Ritari



María
Waltersdóttir
Móttökuritari

MÁNATÚN 3 105 REYKJAVÍK



OPIÐ HÚS



Toppíbúð, 198,3 fm, á efstu hæð á friðsælum stað miðsvæðis í Reykjavík þar sem stutt er í alla helstu þjónustu. Eignin skiptist í anddyri, eldhús, borðstofu, stofu, fjögur herbergi, tvö badherbergi og þvottahús. Hjónasvíta með sér badherbergi og miklum fataskápum. Glæsilegar innréttingar úr hnotu, granítborðplötur, gólfhliti og aukin lofthæð. Skjóljóðar suð-vestur svalir. Tvö stæði í bílgeymslu. Húsvörður. **V. 98,9 m.**

Opið hús mánudaginn 9. júlí milli 17:00 og 17:30 (íbúð merkt 0604).

Nánari uppl.: Daði Hafþórsson lg.fs. s. 824 9096.

HRÍSMÓAR 1 210 GARÐABÆR



OPIÐ HÚS



3ja -4ra herbergja íbúð á 3. hæð við Hrísmóa 1 í Garðabæ. Íbúðin skiptist í hol, badherbergi, tvö svefnherbergi, þvottahús, stofu, borðstofu og eldhús. Sér geymsla er á jarðhæð. Tvennar svalir. Íbúðin er laus við kaupsamning. Um er að ræða snyrtilega íbúð á góðum stað í hjarta Garðabæjar þar sem stutt er í alla helstu þjónustu svo sem verslanir, apóteki, bókasafn, skóla, leikskóla og sundlaug.

V. 40,0m. Opið hús mánudaginn 9. júlí milli 17:15 og 17:45.

Nánari uppl.: Kjartan Hallgeirsson lg.fs. s. 824 9093.

SKÓLAVÖRÐUSTÍGUR 6B 101 REYKJAVÍK



OPIÐ HÚS



Vel skipulögð og staðsett 84,4 fm 3ja herb. íbúð á 3. hæð við Skólavörðustíg. Stofa og tvö herbergi. Eldhús, borðstofa og stofa í opnu parketlögðu rými. Fallett útsýni. Flísagöðar svalir til suðurs og vesturs. Eignin er einstaklega vel staðsett, stutt er í alla helstu þjónustu s.s. matvörubúðir, verslanir, miðbæinn o.fl. Íbúðin er laus við kaupsamning. **V. 46,9 m.**


Opið hús þriðjudaginn 10. júlí milli 17:00 og 17:30.

Nánari uppl.: Þórarinn M. Friðgeirsson lg.fs. s. 899 1882.

KAMBSVEGUR 23 104 REYKJAVÍK



OPIÐ HÚS



Vorum að fá í sölu 93,9 fm 3ja herb. íbúð á jarðhæð í mjög góðu vel staðsettu 3ja íbúða húsi við Kambsveg. Sér inngangur. Tvö svefnherbergi, stofa, eldhús og bað. Innangengt í sameign. Laus samkvæmt samkomulagi. Sér verönd fyrir íbúðina er sunnan megin við húsið undir svölum hellulögð. **V. 37,9**

Opið hús þriðjudaginn 10. júlí milli 17:00 og 17:30.

Nánari uppl.: Þórarinn M. Friðgeirsson lg.fs. s. 899 1882.

DALSEL 36 109 REYKJAVÍK



OPIÐ HÚS



Vorum að fá í sölu 158,7 fm íbúð ásamt stæði í bílageymslu við Dalsel. Samtals er birt stærð 190,0 fm. Aðalíbúðin er á 1.hæð, forstofa, eldhús, stofa og borðstofa, þrjú herbergi og badherbergi. Aukaíbúð er á neðri hæð tálval til útleigu. Húsið er nýlega viðgert og málað að utan. Mjög góð staðsetning. **V. 54,9 m.**

Opið hús mánudaginn 9. júlí milli 17:15 og 17:45.

Nánari uppl.: Þórarinn M. Friðgeirsson lg.fs. s. 899 1882.

RJÚPNASALIR 2 201 KÓPAVOGUR



OPIÐ HÚS



Mjög falleg og rúmgóð 96 fm 3ja herbergja íbúð á 3.hæð í litlu fjölbýlishúsi við Rjúpnasali í Kópavogi. Sér inngangur af svalangang. Íbúðin skiptist m.a. í stofu, eldhús, tvö herbergi, badherbergi, geymslu og forstofu. Einnig er geymsla í kjallara. Fallett útsýni. Sameiginleg lóð með leiktækjum. **V. 44,9 m.**

Nánari uppl.: Magnea S. Sverrisdóttir lg.fs. s. 861 8511.

SKÚLAGATA 40A - FYRIR 60 ÁRA OG ELÐRI 101 REYKJAVÍK



OPIÐ HÚS



3ja herb. samtals 159,4 fm útsýnisíbúð á tveimur hæðum (efstu hæðum) í lyfthúsi við Skúlagötu. Íbúðin er skráð 138,8 fm og bílskúririnn 20,6 fm. Íbúðin skiptist m.a. í tvær stofur, eldhús, sólskála, herbergi og tvö badherbergi. Einstaklega glæsilegt sjávarútsýni og fjallasýn. Tvennar svalir. Íbúðin er laus nú þegar. Frábær staðsetning. Örstutt verslanir, alla helstu þjónustu og miðbæ Reykjavíkur. Íbúðin er fyrir 60 ára og eldri. **V. 67,9 m. Opið hús þriðjudaginn 10. júlí milli 16:15 og 16:45.**

Nánari uppl.: Sverrir Kristinsson lg.fs.

Hreiðar Levy Guðmundsson nemi til lg.fs. s. 661 6021. Jöttnagarðsás 1

SUMARHÚS Í BORGARFIRÐI



OPIÐ HÚS



Mjög fallegur samtals 101,6 fm sumarbústaður í Borgarfirði í landi Munaðarness, Jöttnagarðsás 1. Bústaðurinn var byggður árið 2000 og útihús árið 2012. Bústaðurinn stendur á 3.600 fm eignarlandi. Timburverönd með skjólveggjum, heitum potti og ótisturtu. Stofa/ borðstofa, eldhús, badherbergi, þrjú rúmgöð herbergi og sjónvarpshol. Auk þess er útihús. **V. 29,9 m.**

Nánari uppl.: Magnea S. Sverrisdóttir lg.fs. s. 861 8511.

Óskum eftir öllum stærðum og gerðum eigna á skrá - Skoðum og metum samdægurs - Sanngjörn sölubóknun.



**FASTEIGNA
MARKAÐURINN ehf.**

Óðinsgötu 4, 101 Reykjavík

Sími 570 4500 • fastmark@fastmark.is • www.fastmark.is

Jón Guðmundsson lögg. fasteignasali

Guðmundur Th. Jónsson lögg. fasteignasali

Í TRAUSTUM HÖNDUM Í ÁRATUGI



Jón Guðmundsson
Lögg. fasteignasali
jon@fastmark.is



Guðmundur Th.
Jónsson
Lögg. fasteignasali
gtj@fastmark.is



Heimir Fannar
Hallgrímsson
hdl. og lögg.
fasteignasali
heimir@fastmark.is



Elín D. Wyszomirski
Lögg. fasteignasali
elin@fastmark.is



Magnús Axelsson
Lögg. fasteignasali
magnus@fast-
mark.is



Gísli Rafn
Guðfinnsson
Aðstoðarmaður
fasteignasala
gisli@fastmark.is



Hallveig Guðnadót-
tir
Skrifstofustjóri
hallveig@fastmark.
is

Lundur og Naustavör – Kópavogi. Nýjar og glæsilegar íbúðir til sölu.

Safamýri 45 – 3ja herbergja íbúð – laus til afhendingar strax.



**OPIÐ HÚS
MÁNUDAG**

Eignin verður til sýnis í dag, mánudag, frá kl. 17.15 – 17.45

Falleg 74,4 fm. íbúð á jarðhæð/kjallara í góðu þrjúbýlishúsi á frábærum stað við Safamýri. Íbúðin hefur verið nokkuð endurnýjuð. Eldhús með nýlegri hvít sprautulakkaðri innréttingu og góðum borðkrók. Rúmgóð stofa með gluggum á tvo vegu til vesturs og norðurs. Nýleg gólfefni. Steinhleðsla og falleg hellulögð verönd fyrir framan íbúð.

Íbúðin er laus til afhendingar við kaupsamning.

Mjög góð íbúð miðsvæðis í Reykjavík. Stutt er í verslun og þjónustu og íþróttasvæði.

Verð 37,5 millj.

Hestavað 5 – Glæsileg 3ja herbergja íbúð á efstu hæð.



**OPIÐ HÚS
ÞRIÐJUDAG**

Eignin verður til sýnis þriðjudag frá kl. 17.15 – 17.45

Glæsileg 97,8 fm. íbúð á 4. hæð að meðtöldri sér geymslu í nýlegu lyftuhúsi í Norðlingaholti.

Íbúðin er á efstu hæð.

Sérinnangangur er af svölum. Rúmgóðar hellulagðar svalir til suðurs út af stofu. Eldhús með fallegri viðarinnréttingu og granít er á borðum. Tvö rúm- góð herbergi.

Útsýnis nýtur frá íbúðinni til suðurs.

Verð 42,9 millj.

Ystasel. Vandað og vel staðsett einbýlishús.



Virkilega fallegt 301,7 fm. einbýlishús á tveimur hæðum með innbyggðum tvöföldum 45,6 fm. bílskúr á rólegum stað við Ystasel. Eignin hefur verið þó nokkuð endurnýjuð hið innra í gegnum tíðina og húsið var málað að utan árið 2016. Þjartar og glæsilegar stofur með mikilli lofthæð og útgengi á nýflotaðar svalir til norðurs. Sjónvarpsstofa. Fimm herbergi. Sólskáli með heitum potti. Húsið stendur á 700,0 fm. ræktaðri lóð með skjólsælli hellulagðri verönd til suðurs.

Mögulegt væri að gera litla aukaíbúð á neðri hæð hússins.

Verð 87,5 millj.

Dofraborgir. Frábær staðsetning.



- Mjög gott 197,0 fm. vel skipulagt og frábærliga staðsett einbýlishús á einni hæð á 892,0 fm. gróinni lóð. Fallegt útsýni til suðvesturs út á sundin og yfir borgina.
- Húsið teiknaði Jakob Lindal arkitekt og sá Auður Sveinsdóttir landslagsarkitekt um hönnun á lóð.
- Húsið stendur við autt svæði frá baklóð með glæsilegu útsýni og í næsta nágrenni við höggmyndagarð Hallsteins Sigurðssonar myndhöggvara.
- Aukin lofthæð er yfir flestum rýmum og herbergjum. Gólfisíör gluggar.
- Húsið er steinsteypt og með álklaðningu. Stór verönd til suðvesturs og heitur pottur með skjól- girðingu.

Verð 99,9 millj.

Garðhús - Grafarvogi. 4ra herbergja glæsileg íbúð ásamt bílskúr.



Þjört og vel skipulögð 150,6 fm. íbúð á 3. og 4. hæð, efstu hæðir, með rúmgóðum svölum til suðurs og fallegu útsýni til norðurs.

Tvö baðherbergi eru í íbúðinni. Eldhús er endurnýjað á afar vandaðan og glæsilegan máta með vönduðum eldhústækjum. Tvö svefnherbergi. Opið rými sem er sjónvarps- rými og skrifstofa. Nýlegt parket á aðalhlæð og búið er að skipta um flesta ofna í íbúð. Íbúðinni fylgir 20,6 fm. bílskúr. Staðsetning er afar góð. Stutt er í leikskóla, grunnskóla og íþróttasvæði.

Verð 59,9 millj.

Hverafold 19. 3ja herbergja íbúð með yfirbyggðum svölum.



**OPIÐ HÚS
ÞRIÐJUDAG**

Eignin verður til sýnis þriðjudag frá kl. 17.15 – 17.45

Mjög falleg 93,4 fm. íbúð á 3. hæð að meðtöldri sér geymslu við Hverafold í Grafarvogi. Yfirbyggðar opnanlegar svalir til vesturs. Þvottaherbergi innan íbúðar. Rúmgóð stofa sem rúmar vel borðstofu- borð. Snyrtilegt eldhús með gluggum til vesturs og góðum borðkrók. Tvö góð herbergi. Útsýnis nýtur til vesturs, út á Grafarvoginn og yfir miðborgina.

Vel skipulögð íbúð í Foldaverfi í Grafarvogi. Stutt í grunnskóla og í útivistar- og íþróttasvæði.

Verð 41,9 millj.

Vatnsstigur. Glæsileg 3ja – 4ra herbergja íbúð.



- Glæsileg 135,6 fm. íbúð á 3. hæð með stórkost- legu útsýni út á sundin að Esjunni, Hörpu og víðar og rúmgóðum svölum til suðurs við Vatnsstíg 22. Íbúðinni fylgir sér bílastæði í bilageymslu með tengi fyrir hleðslustöð fyrir rafbíl.
- Íbúðin er austan megin í austasta húsinu við Vatnsstíg í neðstu röð við sjóinn og frá henni nýtur afar fallegs útsýnis.

Núverandi eigendur hönnuðu íbúðina sjálf að innan og er mikið lagt í innréttingar, tæki og gólfefni, sem eru mjög vönduð. Innréttingar eru hvítar sprautu- lakkaðar og úr hnotu. Quartz er á borðum innrét- tinga. Innihurðir eru allar extra háar úr hnotu og án gerefta. Led-lýsing er í allri íbúðinni.

Verð 104,5 millj.

Álfheimar. 5 herbergja endaíbúð.



Þjört og einstaklega vel skipulögð 127,8 fm. endaíbúð á 1. hæð að meðt. sér geymslu. Íbúðin er með gluggum í þrjár áttir og svölum til suðurs. Húsið er nýlega viðgert, þak er endurnýjað og sameign er góð. Rafnagrnir í íbúðinni eru nýlega endurnýjaðar. Eldhúsinrétting er stór og mikil og stór borðaðstaða er í eldhúsi. Fjögur herbergi. Baðherbergi er með glugga og er nýlega endur- nýjað.

Frábær staðsetning við Laugardaginn.

Verð 54,9 millj.

Ljósheimar 14-18. 4ra herbergja íbúð á 3. hæð - laus strax.



Þjört og vel skipulögð 100,7 fm. íbúð á 2. hæð, að meðtöldri sérgeymslu í fjölbýlishúsi með tveimur lyftum. Stofa/borðstofa er rúmgóð og þjört með stórum gluggum til vesturs og útgengi á vestursvalir. Eldhús með upprunalegri innrét- tingu. Þrjú svefnherbergi. Gengið út á svalir úr einu herberginu.

Búið er að endurnýja allt ofnakerfi í íbúðinni. Sameign hússins er öll mjög snyrtileg. Íbúðin er laus til afhendingar við kaupsamning.

Verð 41,9 millj.

Klapparstigur. 2ja herbergja íbúð með stórum svölum.



Falleg og þjört 60,2 fm. íbúð á 3. hæð auk stæðis í bilageymslu við Klapparstíg. Útgengi úr stofu á stórar svalir til vesturs. Útsýnis nýtur. Eldhús er opið við stofu. Rúmgott svefnherbergi með góðu skáapláss. Snyrtileg sameign. **Hentugt fyrir þá sem vinna í miðbænum eða fyrir þá sem vilja leigja út til ferðamanna. Möguleiki er að kaupa aðra íbúð á tveimur efstu hæðum í sama húsi. Íbúð á afar vinsælum stað í miðborg Reykjavíkur í göngufæri við allt það besta sem borgarlífið hefur upp á að bjóða.**

Verð 42,9 millj.

MIKLABORG



Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson
hdl. og löggiltir fasteignasalar



Jón Rafn Valdimarsson
lögg. fasteignasali
Sími: 695 5520



Ólafur Finnbogason
lögg. fasteignasali
Sími: 822 2307



Gunnar S. Jónsson
lögg. fasteignasali
Sími: 899 5856



Gunnar Helgi Einarsson
lögg. fasteignasali
Sími: 615 6181



Þórunn Pálsdóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 773 6000



Ásgrímur Ásmundsson
hdl. og lögg. fasteignasali
Sími: 865 4120



Þröstur Þórhallsson
lögg. fasteignasali
Sími: 897 0634



Jörunn Skúladóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 845 8958



Axel Axelsson
lögg. fasteignasali
Sími: 778 7272



Atli S. Sigvarðsson
lögg. fasteignasali
Sími: 899 1178



Svan G. Guðlaugsson
lögg. fasteignasali
Sími: 697 9300



Jason Ólafsson
lögg. fasteignasali
Sími: 775 1515



Páll Þórólfsson
lögg. fasteignasali
Sími: 893 9929



Helgi Jónsson
lögg. fasteignasali
Sími: 780 2700



Ragnheiður Pétursdóttir
hdl. og löggiltur
fasteignasali



Harpa Rún Glad
hdl. og löggiltur
fasteignasali



Bakkagerði 3
108 Reykjavík



OPÍÐ HÚS

Þriðjudaginn 10. júlí kl. 16:30 - 17:15

Afar glæsilegt 198,1 fm einbýlishús með bílskúr í botlangagötu á skjólsælum stað
Glæsilegur garður með sólpalli, hiti í stéttum við húsið og suðursvalir
Eignin skiptist upp í 2 stofur, 2 baðherbergi, 5 herbergi, sjónvarpsstofu og fl.
Nýlegt skólp, dren, rafbúnaður, ofna- og neysluvatnslagnir
Allir gluggar og allar útihurðir í húsinu eru nýlegar
Flest annað í húsinu hefur verið endurnýjað á undanförunum árum
Eign sem er í afburða góðu ástandi og vert að skoða



Nánari upplýsingar veitir:
Svan G. Guðlaugsson, lögg. fasteignasali
svan@miklaborg.is sími: 697 9300

Verð: **84,9 millj.**



Nánari upplýsingar veitir:
Páll Þórólfsson lögg. fasteignasali
pall@miklaborg.is sími: 893 9929

Verð: **115,0 millj.**



Sandakur 2
210 Garðabær

Sérlega vel skipulagt og fallett 242,6 fm endaraðhús á skjólsælum stað á miðri Arnarneshæðinni
Húsið er glæsilegt ásýndum þar sem það er ýmist klætt áli eða harðviði
Húsið snýr í suð- suðvestur þannig að það nýtur sólar allan daginn
Einstaklega vel hönnuð hjónasvíta er í húsinu



Grænamýri 9
170 Seltjarnarnes



Sérlega vel skipulagt og bjart
188 fm raðhús
Fjögur góð svefnherbergi
Skjólgóð verönd í vestur
Frábær staðsetning



Nánari upplýsingar veitir:
Ólafur Finnbogason, lögg. fasteignasali
olafur@miklaborg.is sími: 822 2307

Verð: **92,0 millj.**



Hæðasmári 6
201 Kópavogur

Til leigu

Til leigu tvö rými í rétt við Smáralind
Glæsilegt 199 fm skrifstofurými á 2. hæð
Jarðhæð 200 fm með opnu vinnurými
Lyfta og næg bílastæði
Laust strax



Nánari upplýsingar veitir:
Svan G. Guðlaugsson, lögg. fasteignasali
svan@miklaborg.is sími: 697 9300

Fasteignasalan

Miklaborg

Lágmúla 4

108 Reykjavík

sími

569 7000

www.miklaborg.is

Með þér alla leið



OPÍÐ HÚS

mánudaginn 9. júlí kl. 17:00 - 17:30

Sörlaskjól 64 107 Reykjavík

Björt og mikið endurnýjuð 115 fm eign sem skiptist í 83 fm efstu hæð með sjárvarútsýni ásamt 32 fm bílskúr
Tvö svefnherbergi
Nýleg eldhúsinnrétting



Nánari upplýsingar veita:
Jason Ólafsson, lögg. fasteignasali
jassi@miklaborg.is sími: 775 1515



Páll Þórólfsson lögg. fasteignasali
pall@miklaborg.is sími: 893 9929

Verð: **52,5 millj.**



OPÍÐ HÚS

Þriðjudaginn 10. júlí kl. 17:00 - 17:30

Stóragerði 6 108 Reykjavík

Falleg 4ra herbergja íbúð á 3. hæð miðsvæðis í Reykjavík í vel viðhöldnu fjölbýlishúsi, ásamt bílskúr
